

AÐALSKRÁNING FORNLEIFA Í BLÁSKÓGABYGGÐ II:

FORNLEIFASKRÁNING INNAN LANDAMERKJA LITLA- OG STÓRA-FLJÓTS



JAKOB ORRI JÓNSSON OG ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRAR)

HÖFUNDAR EFNIS: JAKOB ORRI JÓNSSON OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2016

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

FS594-15223



Forsíðumynd er af refagildru á Gildurás/Gildruás (ÁR-391:016). Horft til suðurs. Ljósmynd: Kristborg Þórsdóttir.

©2016

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. INNGANGUR	5
II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	7
III. SKRÁNINGARAÐFERÐIR.....	9
IV. FORNLEIFASKRÁ	11
V. NIÐURSTÖÐUR	61
HEIMILDASKRÁ.....	65

VIÐAUKI 1: Hnitalisti yfir allar skráðar minjæiningar (ISN93)

VIÐAUKI 2: Sérheitalisti


VIÐAUKI 3 Minjakort

- MINJAKORT 1: Minjar í úthögum Litla Fljóts*
- MINJAKORT 2: Minjar í landi Litla- og Stóra-Fljóts*
- MINJAKORT 3: Minjar í úthögum Stóra-Fljóts*
- MINJAKORT 4: Minjar í úthögum Stóra-Fljóts*
- MINJAKORT 5: Túnakort Litla- og Stóra-Fljóts*



I. Inngangur

Á vordögum 2015 gerðu Bláskógabyggð og Fornleifastofnun Íslands með sér samning um svæðis- og aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu. Ráðist var í skráninguna í tengslum við vinnu sem nú fer fram við aðalskipulag sveitarfélagsins. Skráningin sem um er að ræða var annars vegar full heimildaúttekt (svæðisskráning) á þeim hluta sveitarfélagsins sem slík heimildaskráning hafði ekki gerð áður og hins vegar vettvangsskráning (aðalskráning) á þremur svæðum innan Bláskógabyggðar þar sem ljóst þótti að yrðu talsverðar framkvæmdir á næstu árum. Fjármagnaði sveitarfélagið skráninguna með stuðningi frá Skipulagsstofnun. Bæði svæðis- og aðalskráningin voru unnar á sumar- og haustdögum 2015 og kom á haustmánuðum 2015 út skýrsla um svæðisskráningu fornleifa.¹ Aðalskráningin sumarið 2015 var gerð á þremur svæðum sem töldust í sérstökum forgangi hjá sveitarfélaginu, þ.e. á Litlafljóti/Stóraflljóti (Reykholti), Laugarvatni/Snorrastöðum og Laugarási/Iðu. Um öll svæðin þrjú verða gefnar út sérstakar skráningarskýrslur og er sú skýrsla sem hér lítur dagsins ljós önnur í röðinni en áður er út komin skýrsla um Laugarvatn og Snorrastaði.² Í landi Litla- og



Íslandskort þar sem það svæði sem fjallað er um í þessari skýrslu, Litla- og Stóra-Fljót, er sýnt með rauðum lit. Grunnkort: Gísli Pálsson.

¹ Kristjana Vilhjálmsdóttir. 2015.

² Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2015.

Stóra-Fljóts voru samanlagt skráðar 89 fornleifar.

Áður en aðalskráning var unnin fyrir Litla- og Stóra-Fljót sumarið 2015 hafði takmörkuð skráning verið unnin á svæðinu. Bryndís Róbertsdóttir hafði þó skráð minjar á svæðinu sumarið 1986 og var sú skrá varðveitt í handriti á Þjóðminjasafni Íslands. Leyfi fékkst til að nota hana við heimildavinnu en minjar í skrá Bryndísar voru ekki hnitsettar og því ekki alltaf auðvelt að átta sig á staðsetningu minjastaða.³

Um vettvangsskráningu minja innan merkja Litla- og Stóra-Fljóts og úrvinnslu sáu Jakob Orri Jónsson og Kristborg Þórsdóttir. Jakob sá um skýrslugerð ásamt Elínu Ósk Hreiðarsdóttur sem einnig sá um kortagerð ásamt Gísla Pálssyni. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Kristborgu eða Jakobi nema annað sé tekið fram.

Loftmyndirnar í skýrslunni koma frá Loftmyndum ehf. en Bláskógabyggð veitti aðgang að þeim. Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til þeirra heimildamanna sem rætt var við á svæðinu. Þeir miðluðu af fróðleik sínum og þekkingu á svæðinu af miklum höfðingskap.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafla þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafla 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá og yfirlitskort sem sýna staðsetningu minja á skráningarsvæðinu.

³Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar hér á landi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn í raun ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 6. kafla 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í menningarminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-409:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað að því frátöldu að hnit var tekið í Landshnitakerfi (ISN93).

greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar


minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórfamkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. Fornleifaskrá

ÁR-391 Litlafljót



Túnakort Litla-Fljóts frá því um 1920. Inn á kortið hafa verið merktir þeir staðir sem skráðir voru 2015

1456: "ad lækur sa er fellur ur Flokatiorn. og kalladur er Fliotslækur. riede landamerkiu i millum Torfastada og ytra fliots og gardur sa er liggur fyrer nedan fliotsgotv og vestur ad Steckiagilenu." DI V, 143.

1686: 20 hdr. Skálholtskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 112.

1695: 16 hdr. 80 ál. skv. The Old Icelandic Land Registers, 112.

1709: "Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn Skálholts dómkirkja," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 296.

1709: Nefnt Minna Fljót í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 296. "Hreinskot [033], hjet hjáleiga í túninu, eyðilögð hjer um fyrir 40 árum. [...] Ekki kann þetta kot aftur að byggjast, því jörðin er þar fyrir utan [...] landlítil, og var býlið aldrei mjög bjarglegt.", segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 296.

1847: 26 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 70.

Árið 1896 voru 6 bæjarhús og 10 peningshús í Litlafljóti. Eftir jarðskjálftana sama ár voru 1 bæjarhús og 4 peningshús lítið skemmd skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddssen, 176.

"Í austurjaðri túnsins var til forna smábýli, sem nefndist Móakot [028]," segir í Sunnlenskum byggðum I, 156. "Þegar býlið Brautarhóll var stofnað úr Stóra-Fljóti fékk það austurhluta landsins, en í staðinn fékk Litla-Fljótið breiðara land fyrir norðan bæinn. [...] M]un ekki hafa verið gengið formlega frá þessum landaskiptum fyrr en árið 1939. [...] Litla-Fljót II var byggt

upp 1957 og stofnað til félagsbúskapar með Litla-Fljóti I, stóð svo til 1967. Síðan hefur ábúandi Litla-Fljóts nýtt þessa jarðarluta báða," segir í Sunnlenskum byggðum I, 156.

Túnakort 1920: Tún 3,2 ha. Girt. Slétt ca. 1/4. Matjurtag.: 725 m².

1709: Silúngsveiði lítil er í læk einum, varla að telja til gagnsmuna. Jörðin er slægna fin, en ærið þrönglend. [...] Hjer er ágreiningur um landamerki milli þessarar jarðar og Torfastaðakots," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 296.

"Landið er allgrösugt. Mýrlendi neðan túns er framræst og tekið til ræktunar að mestu. Norðan túns eru grösugir mýraflóar og ásar, sæmilega grónir. [...] Veiði er nokkur í Flókatjörn. Sömuleiðis fylgir jörðinni veiðiréttur í Tungufljóti," segir í Sunnlenskum byggðum I, 156.

ÁR-391:001 *Litlafljót* bæjarhóll bústaður

X 428634 Y 409131



Litla-Fljót ÁR-391:001, horft til ANA

"Bær foreldra Halldórs [Þórðarsonar] stendur vel enn og er vestan við hlöðu. [...] Bærinn sem var áður en þau byggðu var á bak við núverandi fjós. Eldhús var við hlið á hlöðu," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. "Fyrir utan hlöðu mótaði áður fyrr fyrir gamalli smiðjutóft," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. "Þegar grafið var fyrir gamla bænum á Litla-Fljóti kom kvarnarsteinn upp úr dýi. Annar slíkur

steinn fannst þegar þjóðvegi var breytt og skurðum var þá breytt, fyrir um 9 árum," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Bæjarstæði Litla-Fljóts er uppi á holtiþrún og hallar niður af því til suðurs. Á því stendur bárujárnsklætt timburhús á steiptum grunni frá 1939 og austan við það er stórt steipt útihús. Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1920 sunnan við bæ og er hann skráður með bænum.

Nýlegt íbúðarhús er vestan við íbúðarhús á gamla bæjarstæðinu og liggur heimreiðin að bænum á milli húsanna. Norðan við bæjarstæðið er flatlent gamalt tún og þar eru fleiri hús, bæði íbúðarhús og útihús. Allbrött brekka er suður af bæjarstæðinu niður í mýrlendi sem búið er að ræsa fram. Ekki sést greinilegur bæjarhóll en bæjarstæðið er á að giska 40x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Á bæjarstæðinu við íbúðarhúsið voru fjós, hlaða, hesthús og smiðja sem var ýtt út í kringum 1960. Einnig voru eldri útihús austan við íbúðarhúsið þar sem

steinsteypa útihúsið er.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 585, 587, 591

ÁR-391:002 heimild um traðir X 428614 Y 409131

Traðir að bæ eru merktar inn á túnakort frá 1920. "Gömlu traðirnar lágu rétt fyrir ofan gömlu brúna á þjóðveginum og heim undir hús norðvestan við það. Þetta voru axlardjúpar traðir á klöpp, þegar Halldór man fyrst eftir sér. Rann þá vatn eftir þeim. Hún lá síðan rétt utan við túngarðinn [048] upp slakka," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Traðirnar lágu til norðvesturs frá bæ en engin ummerki um þær sjást. Traðirnar voru í gamla heimatúninu, uppi á holtsbrún. Búið er að slétta yfir traðirnar og liggur heimreiðin að bænum yfir þær.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 595

ÁR-391:003 heimild um útihús X 428760 Y 409215

Um 130 m ANA bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1920. Allgreinileg lægð er í túninu þar sem útihúsið var. "Þegar Halldór [Þórðarson] kom að Litla-Fljóti [...] voru einnig lambhús og hrútakofi á túninu," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur frá 1986. Líklegt er að þessi hús séu þau hin sömu og sýnd eru á túnakorti og skráð eru undir númerunum 003 og 004 en ekki er vitað hvort húsið var hvar. Sléttað tún.

Búið er að slétta yfir minjar um útihúsið en þar sést enn grunn lægð sem er um 6x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er 0,1-0,2 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 584

ÁR-391:004 garðlag túngarður X 428775 Y 409227

Um 150 m ANA við bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1920 og var það sambyggt túngarði sem afmarkaði allar hliðar túnsins. Í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur frá 1986 segir: "Hár torfgarður rétt vestan við heygarda [047]. Traðir [sjá leið 691:064] voru utan við þennan túngarð, lá upp slakka. Túngarður sést nú sem lágur rimi í túni og traðir eru fyrir utan hann. Hann sveigir í norður fyrir hól." Ekki sjást lengur ummerki um tóftina en hluti túngarðsins sést enn sem hryggur í túninu um 150 m norðaustan við bæ 001. Sléttað tún uppi á holti.



Garðlag ÁR-391:004, horft til vesturs

Garðurinn sést á um 120 m löngum kafla þar sem hann liggur í boga frá suðaustri til suðvesturs. Hann er útflattur og er 0,2 m á hæð og 4-5 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920;
Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 583

ÁR-391:005 heimild um landamerki

X 429682 Y 410276

"Að Litlafljótsslandi liggja þessi lönd: 1. Stórafljótssland; þar í milli ræður merkjum bein stefna frá mynni á keldu einni sem fellur austan í Flókatjörn að vörðu, sem stendur á sundinu fyrir vestan Borgarós," segir í örnefnaskrá. Lýsing örnefnaskrár virðist eiga við sama holt og varðan Steinka ÁR-392:017 var staðsett á. Mögulegt er að hér að sé um sömu vörðu að ræða en þar sem ekki er hægt að segja til um það með vissu voru þær látnar njóta vafans. Umrædd varða 005 var um 1,5 km norðaustur við bæ 001 og um 200 m norðaustur af tóft 019. Mosavaxið holt norður af Borgarás.

Engar leifar vörðunnar sjást nú (2015), en fast vestan holts sem varðan hefur staðið á eru djúpir skurðir nú. Er hugsanlegt að varðan hafi verið rifin og því sjáist ekki leifar af henni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litla-Fljót, 1

ÁR-391:006 heimild um landamerki

X 428928 Y 409290

"Að Litlafljótsslandi liggja þessi lönd: 1. Stórafljótssland; [...] þaðan í stóran stein vestanvert við Stórafljótstún, þaðan í vörðu á melnum fyrir vestan sama tún," segir í örnefnaskrá. Líklegt er að varðan hafi verið um 330 m norðaustan við bæ 001 á austanverðu holti þar sem jarðvegur hefur blásið upp en gróið aftur. Þar er hornstaur á merkjagirðingu milli Litla-Fljótss og Stóra-Fljótss. Grasi gróið svæði en rof hér og hvar í sverði vegna ágangs búfenaðar.

Engin ummerki um vörðuna sjást og hefur hún líklega verið rifin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Litla-Fljót, 1

ÁR-391:007 heimild um landamerki

X 428953 Y 408953

"Að Litlafljótslandi liggja þessi lönd: 1. Stórafliótsland; [...] þaðan í vörðu hjá Moshól [...]. Moshóll er grashóll sunnan við Móakot [028] og sunnan vegar," segir í örnefnaskrá. Varðan var um 360 m suðaustan við bæ 001 og um 350 m norður af tóft 040. Moshóll er nú í sléttuðu túni. Engar leifar vörðunnar sjást enda hafa verið gerð slétt tún þar sem hún stóð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 1, 3

ÁR-391:008 heimild um landamerki

X 428931 Y 408590

"Að Litlafliótslandi liggja þessi lönd: 1. Stórafliótsland; [...] þaðan í vörðu á Birtingaholti [...]. Austan við Bæjarmýri liggur Birtingaholt til suðvesturs og var að hluta í Stóra-fljótslandi," segir í örnefnaskrá. Umrædd varða var um 620 m suðaustur af bæ 001, og hefur verið í næsta nágrenni við tóft 040. Á óræktuðu holti.

Engin ummerki um vörðuna sjást nú (2015), en óvíst er hví svo er því holtinu virðist ekki hafa verið raskað. Er því hugsanlegt að varðan hafi verið rifin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 1, 4

ÁR-391:009 varða landamerki

X 429346 Y 408398

"Að Litlafliótslandi liggja þessi lönd: 1. Stórafliótsland; [...] þaðan í vörðu á Kistuholti [...]. Suðaustan við Hveragil hækkar landið aftur, og heitir þar Mangabrún. Austan þess er Kistuholt, og er mýri á milli, Kistuholtsmýri," segir í örnefnaskrá. Umrædd varða var um 1 km suðvestur af bæ 001 og um 350 m norður af tóft 031. Kistuholt er móavaxið holt. Nú eru íbúðarhús norðan í því. Vörðubrot er á Kistuholti. Er það um 1 m í þvermál og um 0,2 m að hæð.



Vörðubrot ÁR-391:009, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 1, 4

ÁR-391:010 heimild um landamerki

X 429924 Y 407972

"Að Litlafljótslandi liggja þessi lönd: 1. Stórafljótsland; [...] þaðan í vörðu á Tungufljótsbakka," segir í örnefnaskrá. Varðan hefur verið um 1,7 km suðaustur af bæ 001 við bakka Tungufljóts, um 600 m austur af tóft 031. Á bakka Tungufljóts, í mýri sem er norðan fljóts í átt að Reyk- og Ketilholtum. Engin ummerki sjást um vörðuna. Tungufljót sker í bakka sína og hefur hugsanlega hrifið vörðuna með sér.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 1

ÁR-391:011 heimild um landamerki

X 429269 Y 407690

"Að Litlafljótslandi liggja þessi lönd: [...] 2. Reykjavallaland; þar í milli ræður merkjum bein stefna frá vörðu, sem stendur á Fljótsbakknum," segir í örnefnaskrá. Varðan var um 1,6 km suðaustur af bæ 001 á bakka Tungufljóts, um 370 m SSV af tóft 031. Á grasivöxnum bakka Tungufljóts

Engin ummerki sjást um vörðuna en svo virðist sem Tungufljót hafi brotið úr bökkum sínum og hugsanlega hefur það hrifið vörðuna með sér.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 1

ÁR-391:012 heimild um landamerki

X 429077 Y 407942

"Að Litlafljótslandi liggja þessi lönd: [...] 2. Reykjavallaland; [...] að vörðu norðanvert í Hrosshól," segir í örnefnaskrá. Varðan var um 1,3 km suður af bæ 001 á merkjum milli Litla-Fljóts og Reykjavalla, um 280 m vestur af tóft 031. Á milli varða 011 og 013 eru grasi vaxnir hólar á merkjum milli Litla-Fljóts og Reykjavalla. Engin ummerki um vörðuna sjást lengur á þessum slóðum. Girðing er nú (2015) á merkjum milli Litla-Fljóts og Reykjavalla og hefur varðan hugsanlega verið rifin þegar girðingin var reist.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 1

ÁR-391:013 heimild um landamerki

X 428970 Y 408186

"Að Litlafljótslandi liggja þessi lönd: [...] 2. Reykjavallaland; [...] þaðan í vörðu á Manga-brún [...]. Suðaustan við Hveragil hækkar landið aftur, og heitir þar Mangabrún," segir í örnefnaskrá. Umrædd varða var um 1 km suður af bæ 001 og um 380 m ANA af tóft 031. Á

gróinni melbrún við landamerki að Reykjavöllum ÁR-388. Engin ummerki um vörðuna sjást lengur á þessum slóðum. Girðing er nú (2015) á merkjum milli Litla-Fljóts og Reykjavalla og hefur varðan hugsanlega verið rifin þegar girðingin var reist.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 1, 4

ÁR-391:014 heimild um landamerki

X 428507 Y 409064

"Að Litlafljótsslandi liggja þessi lönd: [...] 2. Reykjavallaland; [...] þá ræður lækur sá [Litlafljótsslækur] upp að vörðu þeirri, er stendur vestan við hann, vestur undan bænum á Litlafljóti," segir í örnefnaskrá. Landamerkjavarðan var líklega á bakka Litlafljótsslækjar um 20 m sunnan við Kirkjuvað 026 en þar er bakkinn hæstur við lækinn. Þórður Jóhannes Halldórsson, heimildamaður man eftir vörðu á þessum stað en hún sést ekki lengur. Grasi gróinn og þýfður lækjarbakki. Allbrött brekka er upp frá honum til austurs og er ung skógrækt í brekkunni.

Líklegt að varðan hafi verið rifin og notuð í undirstöður brúarstólpa sem eru á sama stað. Brúin var á þjóðvegi sem hefur verið færður til suðurs.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 1

ÁR-391:015 Flókatjörn þjóðsaga

X 429560 Y 411117

"Lýsingin hefst við Flókatjörn, sem er stór tjörn á norðurmerkjum. Sú trú var, að í Flókatjörn væri nykur, og að göng væru úr tjörninni í Tvíbytnu á Bólsengjum. Í Sagnaþáttum Vigfúsar Kristjánssonar frá Hafnarnesi (viðauki við II. bindi, Rvík. 1951) er frásögn, höfð eftir móður hans, Guðrúnu Vigfúsdóttur. Segir hún frá því, er hún var árið 1877 vinnukona á



Flókatjörn ÁR-391:015, horft til norðurs

Bóli, og sá þá kvöld eitt, seint á engjaslætti, "að óhemjustórar skepnur stukku yfir Stekktúnið

og suður Langholt og fóru svo geyst yfir, að ekki var hægt að greina lögun né lit þeirra. "Áður hafði hún heyrt óvenju mikinn umgang, hark og ámátleg hljóð. Hundarnir stóðu sneypfir og lúpulegir af hræðslu í bæjargöngunum, kýrnar skjálfandi og hálftrylltar á básunum. Sagði fólk, að hér væru á ferð Tvíbytnuskussi og nykurinn í Flókatjörn, og að það boðaði stórtíðindi. Um haustið urðu miklir jarðskjálftar, svo allt lék á reiðiskjálfi, en vorharðindi mikil árið eftir, skepnur féllu og víða þröngt í búi," segir í örnefnaskrá. Flókatjörn er 2,2 km norðaustan við bæ 001. Í henni er silungsveiði. Í kringum tjörnina eru gróin holt og mýrar á milli þeirra. Þar sem vatnið gengur lengst til suðvesturs er mjó strönd með rauðamöl. Tjörnin er um 630x400 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist ekki mjög djúp.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 2

ÁR-391:016 *Gildurás* hleðsla refagildra X 429455 Y 411170

"Í krikanum austan við ósinn, þar sem lækurinn [Litlafljótslækur] rennur úr tjörninni, er kletthóll, brattur á allar hliðar, og heitir Gildurás; heyrzt hefur líka nafnið Gildruás," segir í örnefnaskrá. Grjóthlaðin refagildra er suðvestast á Gildurás/Gildruás. Hún er um 2,2 m norðan við bæ 001 og 60 m suðvestan við smalakofa 035. Ásinn er flatur að ofan og mosavaxinn. Hann er ekki mikill um sig en er allhár. Smápýfður mói er í kringum hann.



Gildruás ÁR-391:016, horft til suðurs.

Gildran er hlaðin úr fjórum stórum steinum í grunninn og ofan á þeim eru svo tvær grjóthellur. Þessir steinar mynda hól sem er opið til norðurs. Hleðslan er um 0,8 m á kant og 0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 2

ÁR-391:017 garðlag landamerki X 429732 Y 411021

Torfhlaðinn garður er á gömlum merkjum milli Litla-Fljóts og Stóra-Fljóts ÁR-392. Garðurinn sést enn sunnan við Flókatjörn 016, um 1,9 km norðaustan við bæ 001. Landamerki jarðarinnar hafa breyst eins og fram kemur í Sunnlenskum byggðum: "Upphaflega var land hennar löng og mjó ræma frá Flókatjörn [015] á mörkum við

Kjaransstaði [Kervatnstaðir ÁR-398] og suðaustur í Tungufljót. Þegar býlið Brautarholt var stofnað úr Stóra-Fljóti, fékk það austurhluta landsins, en í staðinn fékk Litla-Fljótið breiðara land fyrir norðan bæinn. Þegar þetta var gert voru sömu eigendur að báðum jörðunum, og mun ekki hafa verið gengið formlega frá þessum landaskiptum fyrr en árið 1939."



Garðlag ÁR-391:017, horft til norðvesturs

Garðurinn liggur um grasgefið mýrlendi sem nýtt er fyrir hrossabeit. Þar sem garðurinn sést er búið að grafa þrjá framræsluskurði í gegnum hann. Garðurinn er fremur unglægur en aldur hans er ekki þekktur. Hann er um 390 m á lengd og liggur NNA-SSV. Garðurinn er um 0,6 m á hæð og 0,3 m á hæð. Hann sést frá Flókatjörn og hverfur í framræsta mýri þar sem stutt er á milli skurða.


Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Litla-Fljót,2; SB I, 156

ÁR-391:018 *Slunkaríki* tóft hesthús

X 428705 Y 409260

"Hesthús (notað fyrir naut á vorin). Slunkaríki (8 ára gamalt nafn). Grjóthleðslur eru mjög



Slunkaríki ÁR-391:018. Á ljósmynd er horft til vesturs

einnig er op í suðurhorni. Norðausturhluti tóftarinnar er grafinn inn í endann á grónum og þýfðum rima. Mesta hleðsluhæð utanmáls er 1,2 m. Mest sjást 8 umför í hleðslum.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-391:019 *Borgarás* tóft hrútakofi

X 429569 Y 410111

"Sunnan við Flóðamýri, gegnt Brattholti, er nafnlaust holt, en sunnan þess er Borgarás, og nyrzt í honum Borgarástjörn," segir í örnefnaskrá. "Hrútakofi: Nyrst á Borgarás, 12 m norðan við fjárhústóftina [392:018]," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóftin er um 1,3 km norðaustur af bæ 001, nyrst á Borgarási, um 15 m norður af fjárhúsum 392:018. Á Borgarási í austur jaðri sléttaðra og framræstra túna Litla-Fljóts. Borgarás er vel vaxinn grasi.

Tóft er á Borgarás, þó líklegast ekki borg sú sem ásin er nefndur eftir. Hún er mjög



Borgarás ÁR-391:019. Á ljósmynd er horft til norðvesturs.

sgin, um 5 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru mest um 0,3 m að hæð á um 1,5 m kafla á suðurvegg en annars innan við 0,1 m á hæð. Tóftin er 3 x 2 m að innanmáli. Op er ekki greinanlegt í tóftinni, né grjót í hleðslum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 2; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 597

ÁR-391:020 heimild um hellutak

"Á háhæðinni austur af fjósi hefur líklega verið hús, en þar er nú tún. Hellutak," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Staðsetning óþekkt. Nú er sléttuð tún á þessu svæði og sést þar engin ummerki um hellutak. Í sléttuðu túni. Engin ummerki um hellutakið sjást nú (2015).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 586

ÁR-391:021 *Fjárvað* heimild um vað

X 428709 Y 409748

"Vestur af Olnboga er vað á [Litla-Fljóts]læknum, Fjárvað. Upp af og austur af vaðinu var melholt, sem Haraldur í skrá sinni nefnir Fjárvaðsholt [...] Halldór hafði jafnan heyrt holtið kallað Fjárvaðsmel, en taldi hitt vel mega vera réttara," segir í örnefnaskrá. Fjárvað er um 620 m norðan við bæ, vestan við mel þar sem búið er að leggja ýmsum vélum og bílum. Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið er og bendir nafnið til þess að það hafi aðallega verið farið af sauðfé.

Vaðið er á læknum þar sem hann breikkar og dýpkar og grefur sig niður. Ofan við vaðið til



Vað ÁR-391:021, horft til suðausturs

norðurs er mýrlent og neðan við það til suðurs dýpkar farvegur lækjarins mikið.

Litla-Fljótslækur er 3-4 m á breidd við Fjárvað og er grunnur. Grjót hefur verið fært úr stað eða sett í lækinn til að grynna vaðið. Ógreinilegur slóði liggur um vaðið til vesturs að hliði á merkjagirðingu milli Litla-Fljóts og Torfastaðakots (Vegatungu) ÁR-390. Búfénaður fer yfir lækinn á vaðinu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Litla-Fljót, 3

ÁR-391:022 *Stökuvörðuholt* örnefni hlutverk óþekkt X 429050 Y 410307

"Stökuvörðuholt er móaholt með klettabrún að norðvestan og nær vestur undir Litlafljótslæk. Mýrarsund er á milli þess og Flókatjarnarholts," segir í örnefnaskrá. Holtið er um 320 m norðan við beitarhúsatóft 036 og um 1,2 km norðan við bæ 001. Stökuvörðuholt er lítið og mosavaxið. Svo virðist sem að jarðvegur á helmingi holtsins hafi blásið burt en sárið gróið aftur. Á þeim hluta holtsins sést víða í grjót upp úr mosabekju. Engin ummerki um vörðu sjást á Stökuvörðuholti og ekki er vitað hvað varð um hana.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Litla-Fljót, 2

ÁR-391:023 tóft fjárhús X 429472 Y 410817

"Á Syðra Flókatjarnarholti, slóði fast austan við húsið. Húsið var notað til 1938, en þá var ærhúsið flutt heim undir tún. Ekki er vitað hver byggði þetta hús en gæti verið frá þeim tíma er Ingvar Jóhannsson og Jónína Kristjánsdóttir Hvítárþakka bjuggu þar 1919-1925. Öruggt að Þórður Káráson faðir Halldórs byggði þetta ekki. [...] Kartöflugarður er beint fyrir framan tóftina, en slóð liggur alveg þvert fyrir tóft og alveg fast upp við hana," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Fjárhústóftin á Flókatjarnarholti er um 9,0 m norðaustan við beitarhús 036 og 1,9 km norðaustan við bæ 001. Á holtinu er þýfður mói vaxinn grasi og mosa.

Tóftin er tvískipt og torf- og grjóthlaðin. Hún er um 18x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er inn í tóftina í suðausturenda. Í norðvesturenda tóftar er hólfi I, hlaða. Það er um 4x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hlaðan er 0,5 m dýpri en hólfi II, fjárhúshlutinn. Ekki er hlaðinn veggur á milli hólfa. Fjárhúsin eru um 10x3 m að innanmáli og snúa eins og hlaða. Hlaðnar undirstöður garða eru eftir endilöngu í miðju



Tóft ÁR-391:023. Á ljósmynd er horft til austurs

hólfinu. Þær eru um 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Mesta hæð veggja er um 1,3 m utanmáls. Innanmáls eru veggir hæstir um 1,6 m og þar sjást 6 umför hleðslu. Hrunið hefur úr suðvesturvegg inn í bæði hólfin. Þæla er greinileg í kringum tóftina. Lítil sem engin ummerki sjást um kartöflugarðinn sem var framan við tóftina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 598

ÁR-391:024 náma mógrafir

X 428628 Y 409640

"Norðan undir Steinholti í mýrarkrika, sem myndar barð niður í lækinn, eru gamlar mógrafir, og aðrar [025] voru við Kelduna í Sundi. Mótekju á Litla- og Stórafljóti var löngu hætt fyrir Halldórs [Þórðarsonar (f. 1933)] minni," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar norðan undir Steinholti sjást enn norðan við malarnámu á háum bakka um 500 m norðan við bæ 001.

Mógrafirnar eru á grasi grónu svæði þar sem sjá má stöku víðirunna. Girðing skilur á milli mógrafasvæðis og malarnámu.

Mógrafir sjást á svæði sem er um 75x15 m að stærð og snýr NNA-SSV. Það er að



Mógrafir ÁR-391:024, horft til suðvesturs

Það er ámóta stórt, 75x15 m, og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 3

ÁR-391:025 náma mógrafir

X 428975 Y 409359

"Norðan undir Steinholti í mýrarkrika, sem myndar barð niður í lækinn, eru gamlar mógrafir [024], og aðrar voru við Kelduna í Sundi. Mótekju á Litla- og Stórafljóti var löngu hætt fyrir



Mógrafir ÁR-391:025, horft til austurs

Halldórs [Þórðarsonar (f. 1933)] minni," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru 415 m norðaustan við bæ 001 og 70 m NNA við meinta staðsetningu landamerkjavörðu 006. Þær eru í aflíðandi halla suðaustan við læk sem rennur úr Sundi/Borgarsundi á merkjum milli Litla-Fljóts og Stóra-Fljóts. Ekki sjást mógrafir annarsstaðar í Sundinu vegna framræslu og ræktunar. Lækurinn úr Sundinu rennur í djúpum og breiðum

skurði og er skurðruðningur á milli mógrafa og lækjar. Mógrafasvæðið er grasi gróið en beitarhólf eru norðvestan og suðvestan við það.

Tvennar mógrafir eru saman á svæði sem er um 20x17 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þær eru þurrar og grónar og er 2-3 m breitt haft á milli þeirra. 2-3 m eru upp á bakka úr mógröfunum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 3

ÁR-391:026 *Kirkjuvað* heimild um vað X 428491 Y 409388

"Vestan undir Steinholti er Steinholtshvammur, og þar við er Kirkjuvað á læknum. Um það lá leið fólks úr ofanverðri Torfastaðasókn til kirkju," segir í örnefnaskrá. Kirkjuvað er um 290 m norðvestan við bæ 001 og 100 m VSV við malarnámu. Um það var farið á leið 691:058 og 390:034 í landi Torfastaðakots. Hún tengir leiðir 691:058 og 691:060 sem liggur hún að Torfastöðum ÁR-389. Vaðið var ekki skoðað á vettvangi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 3

ÁR-391:027 heimild um vað X 428513 Y 409085

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er sýnd leið 691:064 sem liggur af leið 691:058, framhjá Litla-Fljóti að Reykjavöllum ÁR-388. Leiðin lá um vað yfir Litla-Fljótislæk litlu suðvestan við bæ 001. Vaðið var að líkindum um 130 m vestan við bæ 001, litlu sunnan við rabarbarabeð vestan við lækinn. Lækurinn er fremur vatnslítill, grunnur og mjór þar sem vaðið var. Austurbakkinn er ívið hærri en vesturbakkinn. Ofan við vesturbakkann er tún frá Torfastaðakoti (Vegatungu) ÁR-390 en ofan við austurbakkann er allbrött brekka, gróin að mestu leyti og hluti hennar hefur verið tekinn undir trjárækt en efsti hluti hennar er í túni næst bæ 001. Ekki sjást götur liggja að vaðinu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Herforingjaráðskort 47 NV 1910

ÁR-391:028 *Móakot* heimild um býli

X 428884 Y 409100

"Móakot var lítið kot, sem stóð á hæðarhrygg í túninu austan við bæinn. Það er löngu farið í eyði," segir í örnefnaskrá.



Móakot ÁR-391:028, horft til suðvesturs

"Móakot. Þó nokkru NA bæjar gengur holt út af þjóðveginum og tóft var framarlega á því. Þar er nú tún, en tóft var utan í holtinu. Tóftin var ekki sléttuð út fyrr en Halldór [Þórðarson] var kominn um fermingu 1947-50. Eiríkur heitinn Guðlaugsson frá Fellskoti sléttaði þennan móa. [...] Þarna voru lagðar leiðslur og kom upp hellugrjót," segir í Minjaskrá

Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Móakot var um 250 m austan við bæ 001. Sléttað tún.

Greina má hvar býlið Móakot stóð af ójöfnum í túninu en ekki er hægt að sjá útlínur stakra bygginga eða innanmál hólfa. Gróft áætlað nær bæjarstæðið yfir svæði sem er um 50 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litla-Fljót, 3; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 588

ÁR-391:029 *Borgarrimi* örnefni fjárskýli

X 428855 Y 408924

"Bæjarmýri var mýrin sunnan við veginn. Hún er nú ræst fram og ræktuð. Í henni var smárimi, sem náði upp undir Móakot og nefndist Borgarrimi. Hann sést ekki lengur," segir í örnefnaskrá. Bogarimi er um 300 m suður af bæ 001 og um 330 m norður af tóft 040. Í sléttuðu túni. Engar fjárborgir sjást á þessum slóðum lengur enda hefur svæðið verið sléttað í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litla-Fljót, 3

"Austan við Kistuholtið er Stekkatún, og þar rétt við er Kúmensbrekka, og fjárhús, sem þarna stóð, var neðst í henni," segir í örnefnaskrá. "Fjárhús og rétt á Stekkatúni: Rétt fyrir ofan tóft er fallett stuðlaberg en sést í móberg á milli kletta. Ekki notað eftir 1926. Kristinn [Sigurjónsson á Brautarhóli] telur það afgangt og man ekki eftir því í notkun," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóft í Kúmensbrekku er um 1,3 km suður af bæ 001 og um 670 m suðaustur af tóft 040. Enga tóft er að sjá nú (2015) í Stekkatúni Litla-Fljóts,




Stekkatún ÁR-391:030. Á ljósmynd er horft til suðurs.

austan Kúmensbrekku, og því mögulegt að það hafi dregið nafn sitt af tóftum í brekkunni. Kúmensbrekka er syðst í grasigróinni brekku milli, Kistu, kletts í Kistuholti, og ónefnds stuðlabergskletts í sama holti. Stekkatún er austan Kúmensbrekku, grýtt, grasivaxið tún suðaustan Kistuholts.

Tvískipt tóft er á þessum slóðum. Hún er 13 x 10 m stór og er vaxin grasi og mosa. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur. Í veggjum má sjá grjóthleðslur og talsverð steinadreif er að auki inni í hólfunum. Vestara hólfið er um 5 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er með inngang á vesturvegg nær norðvesturhorni. Eystra hólfið er um 11 x 2 m að innanmáli með og snýr norðaustur-suðvestur. Er það öllu verra farið en eystra hólfið. Á miðjum suðurvegg hefur líklegast verið inngangur en er mjög hrunið í hann. Veggirnir allra nyrst í hólfinu eru um 0,1 m lægri en annars staðar í því.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litla-Fljót, 4; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 556



Tóft ÁR-391:031. Á ljósmynd er horft til suðvesturs


"Tóft. Er á vestanverðum ásnum á móts við miðjan Einbúann. Norðan við tóft er smá vatnsrás vestur af ás. Nokkru norðan og vestan við tóft [036]. [...] Ekkert er vitað um notkun á tóft," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóftin er um 1,1 km norður af bæ 001 og um 160 m norður af tóft 036. Efst í mosavaxinni hlið, aflíðandi til vesturs.

Tóftin er um 9 x 6 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Innanmál tóftar er um 6 x 1,5 m. Tóftin er steinhlaðin, vaxin mosa og grasi. Töluvert hefur hrunið úr tóftinni, bæði inn í hana og út. Veggir mest um 0,6 m að hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1168

"Reykkofi. Rétt sunnan við Slunkaríki [018] nr. 592 og rétt nr. 591 [var flutt frá Stóra-Fljóti sjá 392:027 árið 1939 - er því ekki fornleif] nær í norðurhorn kofa. Líklega byggður í stríðslok 1945-1950 og brann rétt fyrir jólin 1968 (eða þar í kring). Aðeins sést í grjóthleðslu að innan. Nokkuð verið traðkað í tóft og drasl í henni og bárujárnsleifar," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóft reykkofans sést enn og er hún um 130 m norðaustan við bæ 001 og 10 m sunnan við hesthústóft 018. Að sögn Þórðar Jóhannesar Halldórssonar, heimildamanns, gegndi reykkofinn áður hlutverki lambhúss. Tóftin er of ung til að geta talist til fornminja en er skráð engu að síður sem vitnisburður um forna byggingarhefð. Tóftin er í gömlu túni sem ekki er lengur slegið, fast suðaustan við verkstæðisskemmu. Á milli reykkofa og hesthústóftar er ógróin rás sem virðist nýlega grafin (2015).



ÁR-391:032, horft til norðausturs

Tóftin er einföld og torf- og grjóthlaðin. Hún er um 6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést greinilegt op á tóftinni. Norðvesturveggur hefur orðið fyrir raski. Mesta hæð veggja er um 0,5 m. Við tóftina sjást viðarleifar og brot af bárujárni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 590

ÁR-391:033 *Hreinskot* heimild um býli

"Hreinskot, hjet hjáleiga í túninu, eyðilögð hjer um fyrir 40 árum. [...] Ekki kann þetta kot aftur að byggjast, því jörðin er þar fyrir utan [...] landlítill, og var býlið aldrei mjög bjarglegt.", segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er vitað hvar þetta býli var og því reyndist ekki unnt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM II, 296

ÁR-391:034 heimild um hleðslur


"Aftan við fjós voru miklar hleðslur," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Staðsetning er óþekkt, en engar fornar hleðslur sjást nú (2015) í túni austan bæjar. Í sléttuðu túni. Engin ummerki um hleðslurnar sjást nú (2015) í túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 586

ÁR-391:035 tóft smalakofi

X 429509 Y 411198



Tóft ÁR-391:035. Á ljósmynd er horft til suðausturs.

og snýr norðvestur-suðaustur. Samanfallið op er á tóftinni til suðausturs. Hleðslur eru nánast allar hrundar en sjást enn á stuttum kafla á suðvestur langvegg. Þar eru þær 0,8 m á hæð og sjást 5 umför. Tóftin er hlaðin úr hellugrjóti að miklu leyti og er orðin mosavaxin að hluta og grjótið í henni skófum vaxið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 599

ÁR-391:036 tóft beitarhús

X 429050 Y 409986

"Þó nokkru norðar en nr. 594 [Ærhús, byggt 1938, ekki fornleif] en er austan til á ásnum, er stuttu vestar við slóða inn að Flókatjörn. Við enda á flagi," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Beitarhúsatóftin sem um ræðir er norðvestan í Litla-Fljótsási um 950 m norðaustan við bæ 001. Smáþýfur mói er næst tóftinni en fast austan við hana er holmói. Skurðir og tún sem ná upp á ásinn eru skammt austan við tóftina.


"Austan undir Gildruás [016], sem er inn undir Flókatjörn [015], er tóft af litlum smalakofa, en þeir eru ekki margir í sveitinni. [...] Smalakofi Ingvars á Hvítárbakka. Hann byggði sér þennan kofa á unglingsárum í kringum 1910. Afi Erlu Bolladóttur var smali hjá Ingvari á Hvítárbakka og átti þarna smalakofa," segir í minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóft smalakofans er um 60 m norðaustan við gildru 016, 2,2 km norðaustan við bæ 001 og 30 m vestan við Flókatjörn. Grýtt er austan undir Gildruási þar sem tóftin er en í kringum ásinn er þýfur mói.

Tóftin er einföld og grjóthlaðin. Hún er um 4x5 m að stærð

Tóftin er tvískipt og torf- og grjóthlaðin. Hún er nokkuð sigin og gróin. Tóftin er um 13x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er inn í tóftina á vesturgafli inn í hólfi I, fjárhús. Það er um 5x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er úr hólfi I til austurs inn í hólfi II, hlöðu, sem er litlu dýpra en hólfi I. Hlaðan er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Mesta hæð veggja er um 1 m, ekki sést fjöldi umfara. Rof er í langveggjum tóftarinnar. Ekki sést móta fyrir undirstöðum jötu eða garða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 579



Tóft ÁR-391:036. Á ljósmynd er horft til ASA.

ÁR-391:037 heimild um hrútakofa

X 428777 Y 409194

Í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986 segir um hrútakofa: "13-14 m austan við lægð [sjá 003]. Er næstum á háhólnum." Búið er að slétta yfir minjar um hrútakofann. Hann var að líkindum um 150 m ANA við bæ 001. Í sléttuðu túni.

Engin ummerki sjást um hrútakofann lengur. "5-6 m hefur hann verið á lengd, snéri N[orður]-S[uður]. Dyr voru á hlið á kofa að vestan," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986 um hrútakofann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 580

ÁR-391:038 heimild um tóft

X 429514 Y 410733

Tóft, hugsanlega smalabirgi. "Austast á Syðra Flókatjarnarholti en svona á því miðju, rétt ofan við jökulgarð. Er á uppblástursgeira. [...] Ekkert vitað um þessa tóft, en líkist nokkuð smalabirginu austan undir Gildruás [035]," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóft var ekki að finna á þessum stað og hefur hún að öllum líkindum blásið burt. Tóftin var um 1,8 km norðaustur af bæ 001 og um 90 m suðaustur af tóft 023. Uppblástursgeiri vestan í móavöxnum holti.

Engin ummerki tóftarinnar sjást nú (2015). "Er eingöngu úr hellugrjóti. Veggir farnir

að skekkjast, því tóftin er í brekku og er farin síga út [sic]" segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur og teikning í minjaskránni af tóftinni sýnir að hún hefur verið einföld, um 4,9 x 4 m að utanmáli og snýr norður-suður. Um 3 x 2 m að innanmáli, snýr norður-suður og hefur op verið á suðurvegg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1167

ÁR-391:039 heimild um tóftir X 428853 Y 409145

"Í krappanum á túni, þ.e. austan bæjar þar sem holt gengur í suður að vegi. Þarna gætu hafa verið húsarústir, því þar var mjög stórþýft," segir Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Óljóst er hvað er átt við með "í krappanum" en hnit var tekið í vesturhlíð holts, um 220 m austan bæjar 001. Í sléttuðu túni. Engar leifar húsarústa sjást nú (2015).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 581

ÁR-391:040 tóft beitarhús X 428938 Y 408597

"Sauðahús. Er á Birtingaholti, þ.e. Á syðra holtinu sem ber þetta nafn en hitt er að mestu komið undir tún. Er frekar norðan til í þessu holti. [...] Halldór Þórðarson [í Litla Fljóti] hefur ekkert heyrt um notkun á þessum húsum. Húsið ekki notað eftir að Kristinn kom að Brautarhóli. Kristinn telur að þarna hafi verið sauðahús," segir í Minjaskrá Bryndísar



Tóft ÁR-391:040. Á ljósmynd er horft til norðvesturs.

Róbertsdóttur 1986. Sauðahúsið var um 620 m suðaustur af bæ 001 og um 670 m norðvestur af tóft 031. Birtingsholt er að mestu ónýtt, vestan og sunnan sléttaðra túna. Holtið er grasivaxið að mestu en rofar þar á blettum.

Tóftin er efst á Birtingsholti. Hún er um 8 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er tvískipt og vel grasi vaxin en enn má sjá grjóthleðslur í veggjum. Syðra hólfið er um 3 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður en nyrðra hólfið er um 1,5 x 1,5 m að innanmáli. Veggir eru mest um 0,3 m að hæð. Ekkert op er sýnilegt á tóftinni eða á milli hólfa.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 555

ÁR-391:041 gata leið

X 429023 Y 408122

Götur á óþekktu leið sjást við landamerki að Reykjavöllum ÁR-388, norðvestan við Kistuholt og um 1,1 km sunnan við bæ 001. Óræktuð grasslétta.

Göturnar sjást aðeins vegna gróðurfars á um 320 m kafla frá landamerkjum að Reykjavöllum til Kistuholts og liggja göturnar í norðaustur-suðvestur. Göturnar er mun grænni en annars og vaxa sóleyjar þar þéttar á um 1 m breiðum kafla en annars. Ekki eru önnur merki um leiðina að sjá á vettvangi þar sem hún var skoðuð. Hverfa göturnar við landamerki til suðvesturs og í móa til norðausturs. Á loftmyndum á Google Earth og Kortasjá Minjastofnunar Íslands eru göturnar vel greinilegar og liggja í norðaustur-suðvestur en þær sjást ekki á eldri loftmynd Kortasjár Landmælinga Íslands. Því er hugsanlegt að göturnar séu nýlegar reiðgötur og falli ekki undir lög um menningarminjar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Kortasjá Landmælinga Íslands, Kortasjá Minjastofnunar Íslands, Google Earth



Leið ÁR-391:041, horft til austurs

ÁR-391:042 gata leið

X 429117 Y 407952



Greinileg gata er um 1,22 km suðaustur af bæ 001 og um 220 m vestur af tóft 031. Gatan er um 230 m suður af leið 041. Ekki er ljóst á hvaða leið hún er. Í mosavöxnum mel.

Gatan er um 0,5 m djúpur skorningur, breiðastur um 0,5 m. Hún kemur saman við götu 041 norðan við Kistuholt. Gata 042 liggur þaðan um 370 m suðvestur í girðingu við landamerki Reykjavalla við landamerki 012.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Gata ÁR-391:042, horft til vesturs.

ÁR-391:043 heimild um brunn

X 428745 Y 409239

"[Brunnur] var rétt austan við fjós og var elsta vatnsból á bænum, grjóthlaðinn. Halldór man eftir honum fyrir um 50 árum. [...] 4-5 ár eru síðan að Gvendarbrunnur [ofar í túni, grafinn af Guðmundi Ingimundarsyni 1939] var fylltur upp en mun lengra er síðan sá við fjósið var fylltur upp. Sá nafnlausir var í slakka austan við gamla bæinn og þraut hann í þurrkum," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Ekki var hægt að staðsetja þessar minjar nákvæmlega en hefur brunnurinn hugsanlega verið um 150 m ANA bæjar 001, um 50 m austan fjóss, nú (2015) verkstæði. Í sléttuðu túni. Ekki sjást nein ummerki um brunn í túni austan bæjar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 589

ÁR-391:044 heimild um útihús

X 428661 Y 409259

"Austan við núverandi fjárhús við slóða var torfkofi sem sléttaður var út 1946," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Engin ummerki sjást nú um húsið en gróflega er vitað hvar það stóð. Það var um 130 m norður af bæ 001 og um 710 m norðvestur af tóft 040. Í sléttuðum túnblett vestan malarvegjar. Engin ummerki sjást lengur um kofann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 582

ÁR-391:045 heimild um tóft

"Önnur tóft er gæti hafa verið rétt var SA af [núverandi] fjárhúsi," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Staðsetningin er óljós en virðist benda til sléttaðs túns austan bæjar 001 þar sem engar tóftir er að sjá. Í sléttuðu túni. Engin merki um tóftina sjást lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 582

ÁR-391:046 heimild um beitarhús

X 429579 Y 411278

"Sauðahús: Sunnan undir smá hæð sem er rétt norðan við Gildurás [016]. Hæðin er á bakka Flókatjarnar suðvestan við það," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Engar tóftir var að finna á þessum stað en húsin hafa verið um 2,4 km norðaustur af bæ 001. Móavaxinn hóll á suðvesturbakka Flókatjarnar.

Í Minjaskrá Bryndísar segir einnig: "Allt grasi gróið, ekkert grjót að sjá. Sigið undan brekku. Kekkjapæla rétt fyrir S.A. hús." Uppdráttur af tóftinni er í Minjaskránni og af honum að dæma var tóftin orðin ógreinileg þegar hún var unnin 1986. Tóftin var 6,8x2,6 m að stærð. Áttahorf er ekki sýnt. Mesta hæð veggja var 0,55 m. Enginn ummerki um beitarhúsin sáust á vettvangi. Óvíst er hvers vegna beitarhúsið er horfið en engar framkvæmdir hafa farið fram við Flókatjörn og virðist það ekki hafa brotið bakka sína svo neinu nemi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 600

ÁR-391:047 heimild um heygard

"Tóftir voru nokkru ofan við fjós, þetta gæti hafa verið heygardur, en enginn getur gefið tæmandi upplýsingar. Ingvar og Gísli mundu ekki eftir tóftum í notkun," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Ekki var hægt að staðsetja umræddar minjar en þær virðast hafa verið þar sem nú er sléttað tún. Í sléttuðu túni. Engin ummerki um heygardana sjást lengur og þeim er ekki lýst í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 583

ÁR-391:048 heimild um hesthús

"Þegar Halldór [Þórðarson] kom að Litla-Fljóti [1957] voru hesthús og lambhús [049] austan við gamla bæinn [001], þann eldri," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Ekki er

útilokað að þessi hús séu þau sömu og sýnd eru á túnakorti og skráð eru undir númerum 003 og 004. Þau gætu líka hafa verið mun nær bænum. Orðalagið í Minjaskrá Bryndísar gefur til kynna að húsin hafi verið horfin þegar hún er gerð 1986. Ekki er vitað hvar þessi hús stóðu nákvæmlega og því ekki unnt að staðsetja þau með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 584

ÁR-391:049 heimild um lambhús

"Þegar Halldór [Þórðarson] kom að Litla-Fljóti [1957] voru hesthús [048] og lambhús austan við gamla bæinn [001], þann eldri," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Ekki er útilokað að þessi hús séu þau sömu og sýnd eru á túnakorti og skráð eru undir númerum 003 og 004. Þau gætu líka hafa verið mun nær bænum. Orðalagið í Minjaskrá Bryndísar gefur til kynna að húsin hafi verið horfin þegar hún er gerð 1986. Ekki er vitað hvar þessi hús stóðu nákvæmlega og því ekki unnt að staðsetja þau með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 584

ÁR-391:050 heimild um lambhús

"Þegar Halldór [Þórðarson] kom að Litla-Fljóti [...] voru einnig lambhús og hrútakofi [051] á túninu," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur frá 1986. Ekki er útilokað að þessi hús séu þau sömu og sýnd eru á túnakorti og skráð eru undir númerum 003 og 004. Orðalagið í Minjaskrá Bryndísar gefur til kynna að húsin hafi verið horfin þegar hún er gerð 1986. Ekki er vitað hvar þessi hús stóðu nákvæmlega og því ekki unnt að staðsetja þau með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 584

ÁR-391:051 heimild um hrútakofa

"Þegar Halldór [Þórðarson] kom að Litla-Fljóti [...] voru einnig lambhús [050] og hrútakofi á túninu," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur frá 1986. Ekki er útilokað að þessi hús séu þau sömu og sýnd eru á túnakorti og skráð eru undir númerum 003 og 004. Orðalagið í Minjaskrá Bryndísar gefur til kynna að húsin hafi verið horfin þegar hún er gerð 1986. Ekki er vitað hvar þessi hús stóðu nákvæmlega og því ekki unnt að staðsetja þau með innan við 50 m skekkju.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 584





ÁR-392 Stórafljót



Túnakort Stóra-Fljóts frá því um 1920. Inn á kortið hafa verið merktir þeir staðir sem skráðir voru 2015

13.7.1456: "Vitnisburðr Jóns prests Oddssonar um landamerki Torfastaða í Biskupstungum [...] Jtem sagde tigtnefndur Magnus. ad äurnefndur Biörn hefde sagt. ad Torfastader ætte stodhrossa beit inn ad nedra Reykhollte ä vetur, Eystra Fliot ætte tvijtuga grôf til Torfskurdar hia Einbua i Torfastada jôrd [...] þessi landamerke höfdu honum sögd vered [...] af Bijrne Þorsteinssyne. er bued hafde i Hrosshaga og ä Eystra Fliote," DI V, 144

1686: 31 hdr. 160 ál. Skálholtskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 112.

1695: 31 hdr. 40 ál. skv. The Old Icelandic Land Registers, 112.

1709: "Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn Skálholts dómkirkja," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 297.

1847: 42 2/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 70.

Árið 1896 voru 8 bæjarhús og 11 peningshús í Stórafljóti. Eftir jarðskjálftana sama ár var 1 peningshús mjög skemmt. 4 bæjarhús og 3 peningshús voru lítið skemmd skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 176.

1928: Brautarholt: "Jörð þessi náði fyrir rúmri hálfri öld yfir land það, sem nú er land Brautarhóls, Reykholtshverfi og Norðurbrún. Náði það því austan frá Tungufljóti vestur að Flókatjörn, norðan frá Fellsgili og suður fyrir Reykholt," segir í Sunnlenskum byggðum I,

159. "Þegar býlið Brautarhóll var stofnað úr Stóra-Fljóti fékk það austurhluta landsins, en í staðinn fékk Litla-Fljótið breiðara land fyrir norðan bæinn. [... M]un ekki hafa verið gengið formlega frá þessum landaskiptum fyrr en árið 1939. [...] Býli þetta var stofnað með gjafabréfi. "Víða er mýrlendi, sem hefur verið þurrkað að hluta og sumu breytt í tún. Á milli eru þurrland holt og klapparhólar. Fremur gott er þar til beitar allt árið. Hlunnindi eru lítilsháttar silungsveiði í Flókatjörn og Tungufljóti og heitt vatn úr Reykholtshver, en jörðinni fylgir 1/4 hluti hans," segir í Sunnlenskum byggðum I, 157.

1942: Gufuhlíð: "Húsið, sem nú er íbúðarhús þessa býlis var upphaflega byggt sem sumarbústaður árið 1942," segir í Sunnlenskum byggðum I, 162.

1944: Birkilundur: "Garðyrkjubýli stofnað árið 1944 á 4 ha landspildu úr landi Stóra-Fljótis," segir í Sunnlenskum byggðum I, 158. Birkilundur: "Það er mýrlent enda var býlið, sérstaklega í upphafi oft kallað "í Mýrinni". Nú hefur það verið ræst og ræktað og plantað í það miklu af trjágróðri," segir í Sunnlenskum byggðum I, 158.

1945: Víðigerði: "Garðyrkjubýli byggt úr Stóra-Fljóti árið 1945. Land þess er 1 ha að stærð, og er það í og við vesturhlíð Reykholt norðanverða," segir í Sunnlenskum byggðum I, 163.

1946: Friðheimar: "Býli þetta var stofnað úr landi Stóra-Fljótis árið 1946. Land þess er 4 ha að stærð, og liggur það austan við Biskupstungnabraut," segir í Sunnlenskum byggðum I, 165.

1949: Espiflöt: "Býli þetta er garðyrkjubýli byggt úr landi Stóra-Fljótis, stofnað árið 1949 og var það upphaflega kallað sjónarhóll. Land þess er 4 ha að stærð, og er það sléttlendi norðvestur af Reykholt," segir í Sunnlenskum byggðum I, 164.

1953: Norðurbrún; "Þetta er nýbýli, sem stofnað var úr Stóra-Fljóti árið 1953. Land þess var norðausturhluti þeirrar jarðar," segir í Sunnlenskum byggðum I, 166.

Túnakort 1920: Tún 4,7 ha + Kúlutún: 0,7 ha = 5,4 ha. Girt. Slétt ca. 5/6. Matjurtag.: 920 m².
1709: "Jörðin er landþröng. Engjunum spillir hveralækur, sem etur úr rótina," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 297.

ÁR-392:001 Stórafljót bæjarhóll bústaður

X 429117 Y 409308

"Þar sem bærinn var eru nú fjárhús," segir í örnefnaskrá. "Bærinn stóð áður fyrr norðan við þar sem nú er bærinn á Brautarhóli, en hann var fluttur árið 1939 í norðvestanvert Reykholtið," segir í Sunnlenskum byggðum I. "Fjárhús og hlandfor. [...] Á bæjarstæði Stóra-Fljóts, þó nokkru NV Brautarhóls. [...] Hlaðan aftan við er steipt en var áður hlandfor. [...] Þórður Kárason byggði hlandfor og síðar?? Fjós," segir í Minjaskrá



ÁR-392:001, horft til vesturs

Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Þar segir einnig: "Súrheysgryfja: 7,35 m vestan við hlöðu. Þórður Kárason steipti súrheysgryfju" Við bæ er matjurtagarður merktur inn á túnakort frá 1920. Bæjarhóll Stóra-Fljóts er í sléttuðu túni um 200 m norðvestur af Brautarhól, líkt og bærinn kallast nú (2015), norðan lækjar, og um 500 m ANA af Litla-Fljóts bænum ÁR-391:001. Bæjarhóllinn er nú í sléttuðu túni norður af bænum Brautarhól.

Hóllinn er greinilegur í landslaginu. Er hann óslægja, um 50 x 30 m stór og snýr austur-vestur. Hann er mest um 2 m hár. Í honum er greinilegt töluvert af grjóti sem þó er ekki hægt að sjá myndi hleðslur. Tvær ferhyrndar, niðurgraftar tóftir eru greinanlegar nyrst í hólnum, líklegast fjárhús og súrheysturn sem Bjarni Kristinsson mundi eftir. Sú vestari er um 4 x 3,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Kantar hennar eru steinsteiptir. Sú eystri er um 2 x 2 m að innanmáli, einnig með steinsteipta kanta. Báðar eru um 1,5 m djúpar. Fast sunnan bæjarhóls er slétta, um 30 x 15 m stór og snýr austur-vestur. Þar hefur líklega verið kálgarður. Fyrir utan steipt fjós og súrheysgryfju í bæjarhólnum virðist sem ekki hafi verið hreyft við hólnum og því líklegt að varðveisla sé þar góð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Stórafljót, 1; SB I, 159; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 566, nr. 567

ÁR-392:002 heimild um útihús og kálgarð

X 429126 Y 409284

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 í horni matjurtagarðs, um 25 m suðaustan bæjar 001. Fast sunnan bæjarhóls 001 er slétta þar sem líklegt er að kálgarðurinn hafi verið. Í sléttuðu túni. Hvorki sjást ummerki um kálgarð né útihús á þessum slóðum lengur en slétta, um 30 x 15 m stór og snýr austur-vestur, er fast sunnan bæjarhóls 001 þar sem kálgarðurinn hefur

líklegast verið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

ÁR-392:003 heimild um traðir X 429147 Y 409317

Inn á túnakort frá 1920 eru merktar traðir með stefnu í norðaustur frá bæ 001. Í sléttuðu túni.

Engin ummerki um traðir sjást nú í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

ÁR-392:004 heimild um útihús X 429167 Y 409405

Útihús merkt inn á túnakort frá 1920 um 110 m norðvestur frá bæ 001 um 250 m norðvestur af Brautarhól. Í sléttuðu túni. Engin ummerki um útihúsin sjást nú í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

ÁR-392:005 heimild um útihús X 429146 Y 409428

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 um m 120 m norðvestan við bæ 001 og um 280 m norðvestur af Brautarhól. Í sléttuðu túni. Engin ummerki um útihúsin sjást nú í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

ÁR-392:006 heimild um útihús X 429304 Y 409190

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 í stakstæðu túni, líklega nefnt Kúlutún. Útihúsið var um 200 m suðaustan við bæ 001. Að öllum líkindum var útihúsið þar sem steinsteypt útihús eru sambyggð íbúðarhúsi nýbýlisins Brautarhóli. Kúlutún er á hæðarhrygg norðvestan við þjóðveg og er eldra íbúðarhús Brautahóls með sambyggðum útihúsum norðaustast í túninu og yngra íbúðarhús í suðvesturenda þess. Suðaustan og norðaustan við steypu útihúsin er malarplan og norðvestan við þau er jarðrask.

Engin ummerki sjást um útihúsið sem var á þessum stað árið 1920 og má ætla að það hafi horfið vegna bygginga en nýbýlið Brautarhóll var stofnað 1928.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920; SB I, 157

ÁR-392:007 heimild um útihús

X 429233 Y 409143

Í stakstæðu túni, líklega nefnt Kúlutún, er útihús merkt inn á túnakort frá 1920. Útihúsið er við hliðina á öðru stærra útihúsi 008, 90 m suðvestan við útihús 006 og 200 m suðaustan við bæ 001. Útihúsið var á sama eða svipuðum stað og yngra íbúðarhús Brautarhóls sem var byggt í kringum 1980.

Kúlutún er á hæðarhrygg norðvestan við þjóðveg og er eldra íbúðarhús Brautahóls með sambyggðum útihúsum norðaustast í túninu og yngra íbúðarhús í suðvesturenda þess. Sléttaður garður er í kringum yngra íbúðarhúsið og bílaplan er suðvestan við húsið. Engin ummerki sjást um útihúsið og er líklegt að sléttað hafi verið yfir það. Öll ummerki um það hafa svo horfið við það að nýtt íbúðarhús var reist á sama stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

ÁR-392:008 heimild um útihús

X 429228 Y 409136

Í stakstæðu túni, líklega nefnt Kúlutún, er útihús merkt inn á túnakort frá 1920. Útihúsið er við hliðina á öðru minna útihúsi 007, 210 m suðaustan við bæ og 100 m suðvestan við útihús 006. Útihúsið var líklega á sama stað og bílstæði við yngra íbúðarhús Brautarhóls sem var byggt í kringum 1980.

Kúlutún er á hæðarhrygg norðvestan við þjóðveg og er eldra íbúðarhús Brautahóls með sambyggðum útihúsum norðaustast í túninu og yngra íbúðarhús í suðvesturenda þess. Sléttaður garður er í kringum yngra íbúðarhúsið og bílaplan er suðvestan við húsið.

Engin ummerki sjást um útihúsið og er líklegt að sléttað hafi verið yfir það. Öll ummerki um það hafa svo horfið við það að nýtt íbúðarhús var reist á svipuðum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1920

ÁR-392:009 *Fremra-Skipholt* örnefni lending

X 429884 Y 411261

"Norðan við Smáholt, á austurbakka [Flóka-]tjarnarinnar, eru tvö lítil holt, Innra-Skipholt, á mörkum Kjaransstaða [ÁR-398] og Litlafljóts [ÁR-391], og Fremra-Skipholt, sunnan þess," segir í örnefnaskrá Litla-Fljóts. Fremra- og Innra-Skipholt eru um 380 m austan við smalakofa 391:035 og 2,1 km norðaustan við bæ 001. Skipholtin voru í landi Stóra-Fljóts fram á 20. öld þegar landamerkjum var breytt (sjá 391:017) og eru því skráð með þeirri jörð. Örnefnið Skipholt gæti bent til þess að þar hafi verið lending við tjörnina en lögun holtanna (hólanna) minnir ekki á skip og því ólíklegt að nöfn þeirra séu dregin af henni. Holtin eru smápýfdir og

mosavaxnir hólur við Flókatjörn. Mýrlent er austan við hólana.

Á milli hólanna er grunnt vik inn í tjarnarbakkann. Þar kann bátum að hafa verið lent sem notaðir voru til veiða í tjörninni en í henni er bleikjuveiði. Engar minjar eru sýnilegar við eða á hólunum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Litla-Fljót, 2

ÁR-392:010 *Beinarimi* örnefni hlutverk óþekkt X 429212 Y 409251

"Í mýrarsundinu [milli Kúlu og Kúluholts] var smárimi heldur þurrari og nefndur Beinarimi," segir í örnefnaskrá. Beinarimi er um 110 m suðaustan við bæ 001. Bjarni Kristinsson, heimildamaður, þekkir engar sagnir í tengslum við nafnið en hélt helst að rimiNn drægi nafn sitt af beinum í ruslahaugi eða öskuhaugi. í kringum rimann er deiglendi eða mýrlendi sem hefur verið ræst fram og er riminn kominn í tún. Hann er lágur og ekki afgerandi.

Engar fornminjar sjást á yfirborði á eða við Beinarimann og ekki er vitað fyrir víst af hverju hann dregur nafn sitt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Stórafljót, 1

ÁR-392:011 *Kinnarkofi* heimild um lambhús X 429304 Y 409295



ÁR-392:011, horft til norðausturs

"Vestan við Kúluholtið, ofan við mýrarsundið, var dálítill vallendisblettur nefndur Kinn, þar var lambakofi eitt sinn, Kinnarkofi," segir í örnefnaskrá. "(Kinnarhús)/Kinnarkofi. Stuttu norður af bæ, rétt vestan við bragga (vélageymslu). Sauðir voru í húsinu, fenntu tveir undir túngarði. Byggður úr kökk. Um 15-20 kindur voru í honum og síðar notaður fyrir hesthús

lengi. Ekkert járn á honum, reft með hrís. Þarna er nú torfkofi, en á sama stað var áður lambakofi sem var mikið stærri. Kristinn [Sigurjónsson] byggði þann kofa sem nú er," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Hús stendur enn á sama stað sem notað er sem reykkofi. Það er byggt úr tré og torfi hlaðið með því að utanverðu. Torf er einnig á þaki.

Kinnarkofi var um 200 m austan við bæ 001. Engin ummerki um hann sjást lengur.

Reykkofinn sem er þar sem Kinnarkofi var áður er í grasi grónum, aflíðandi halla mót vestri. Í hálfhring í kringum það er moldarflag sem er að gróa upp. Reykkofinn er um 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Að sögn Bjarna Kristinssonar, heimildamanns, var húsið sem þar var á undan (kofinn sem Kristinn Sigurjónsson reisti) svipað að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Stórafljót, 1; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 568

ÁR-392:012 *Nátthagi* heimild um nátthaga X 429248 Y 409283

"Nátthagi var norðan megin í mýrarsundinu [milli Kúlu og Kúluholts]. Þar er nú slétt tún," segir í örnefnaskrá. Óvíst er hvort hlaðið gerði var umhverfis nátthagann en í tíð Bjarna Kristinssonar, heimildamanns, hefur verið sléttað tún í Nátthaga. Örnefnið á við svæði sem er um 100 m austan við bæ 001. Sléttað tún sem hallar mjög aflíðandi til austurs. Breiður skurður skilur á milli Nátthaga og Kúlukinnar. Engin ummerki um hlaðið gerði eða önnur mannvirki sjást í Nátthaga. Hafi þau verið á þessum stað er búið að slétta yfir þau.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Stórafljót, 1

ÁR-392:013 *Heygarðshóll* örnefni heygarður X 429091 Y 409225

"Heygarðshóll var smáhæð sunnan við bæinn á Stóra-Fljóti sem var," segir í örnefnaskrá. Heygarðshóll var um 80 m suður af bæ 001 og um 210 m vestur af Brautarhól. Garðurinn hefur verið þar sem nú eru syðri mörk sléttaðs túns. Engin ummerki sjást lengur um heygarðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Stórafljót, 1

ÁR-392:014 frásögn brunnur X 429116 Y 409246

Samkvæmt Bjarna Kristinssyni, heimildarmanni, var brunnur um 50 m suður af bæ 001. Í sléttuðu túni. Ekki tókst að finna brunn, en Bjarni Kristinsson, heimildamaður, talaði um að vatn rynni úr honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-392:015 *Kvíaföt* heimild um kvíar X 429064 Y 409379

"Jónsflöt var slétt flöt í túninu vestan við Stóra-Fljótsbæinn en ofan við hann (norðan) var

Kvíaflöt. Þar voru færíkvíar," segir í örnefnaskrá. Kvíaflötin var um 90 m norðvestur af bæ 001 þar sem nú er slétta. Í sléttuðu túni.

Engin ummerki sjást eftir kvíar á þessum slóðum en hafi aldrei verið annað en færíkvíar á þessum stað er e.t.v. ekki að vænta mikilla ummerkja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Stórafljót, 1

ÁR-392:016 *Hesthúshóll* heimild um hesthús X 429039 Y 409368

"Ofan og innan við Leynir var Hesthúshóll, hann er nú í túni," segir í örnefnaskrá. "Vorur við eða ofan við bæjarstæðið?? Þarna voru 2 stór og löng fjárhús og hesthús. [...] Lambhús á bæjarstæði?? 80 fjár líklega í húsum hér heima áður fyrr. Hesthúskofi austast við fjárhús," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Hesthúshóll var um 100 m norðvestan við bæ 001. Í sléttuðu túni. Engin ummerki um hesthúsið sjást lengur á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Stórafljót, 1 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 570

ÁR-392:017 *Steinka* heimild um samgöngubót X 429682 Y 410276

"Steinka var varða innarlega á Borgarás [ÁR-391:019] og var til að varða leiðina í fjárhús [018] innarlega á Borgarás og sauðahús [ÁR-393:035], sem voru innan við Flóðamýri syðst í Brattholti, sem er á mörkum milli Fells og Kjaransstaða," segir í örnefnaskrá. Steinka var um 1,12 km norðaustur af bæ 001 á holti en engin ummerki um hana fundust á holtinu og því hugsanlegt að hún hafi verið rifin. Mosavaxið holt norður af Borgarás. Engin ummerki vörðunnar sjást nú á holtinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stórafljót, 2

ÁR-392:018 tóft beitarhús X 429566 Y 410096

"Steinka [017] var varða innarlega á Borgarás [ÁR-391:019] og var til að varða leiðina í fjárhús innarlega á Borgarás og sauðahús [ÁR-393:035], sem voru innan við Flóðamýri syðst í Brattholti, sem er á mörkum milli Fells og Kjaransstaða," segir í örnefnaskrá. "Nyrst á Borgarás, 12 m sunnan við hrútakofann [ÁR-391:019]. Gæti verið að afi Halldórs Þórðarsonar hefði hlaðið þetta hús, því hann fór víða um og hlóð úr grjóti. [...] Kristinn átti fyrst hús í Borgarásnum og gaf þá á hús í Hlíð, Flókatjarnarholti [ÁR-391:023] og Borgarás. Notað fram undir 1930," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Beitarhúsin voru um 900 m

norðaustur af bæ 001 og um 1,3 km norðaustur af Litla-Fljótsbænum ÁR-391:001. Borgarás er í jaðri sléttara, framræstra túna Litla-Fljóts. Borgarás er vaxinn grasi.

Tóft á Borgarás sést vel.

Tóftin er um 16 x 6 m að stærð, tvískipt og snýr austur-vestur.

Eystra hólfið er m 8 x 2,75 m að innanmáli og snýr austur-vestur.

Hleðslur sjást í öllum veggjum þess hólfis, bæði innan og utan, en eru mjög misvel farnar. Hleðslur

eru hallandi ýmist inn í hólfið eða út á við og í austurvegg eru þær alveg hrundar. Meðfram norður- og suðurveggjum virðast vera jötur, um 0,3 m breiðar og háar.

Vestara hólfið er um 3 x 2 m og snýr austur-vestur. Það er niðurgrafið um 0,3 m, líklegast hlaða. Mjög er hrunið inn í hólfið og hleðslur því ekki eins greinilegar. Veggir eru enn stæðilegir, mest um 1 m að hæð, og eru hleðslur greinilegar innan í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Stórafljót, 2 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 596

ÁR-392:019 frásögn huldufólksbústaður

X 429736 Y 408430

Samkvæmt Bjarna Kristinssyni, heimildamanni, voru börn að leik í Stekkatúni og sáu þá kletta opnast og príuðbúna kirkju þar fyrir innan. Bjarni heyrði þessa sögu og hefur átt sér stað í kringum 1960. Staðurinn er um 1,1 km suðaustur af bæ 001. Stekkatún er tún milli Kistuholts og Reykhólts. Klettur er greinilegur í báðum höltum.

Bjarni Kristinsson þekkti ekki við hvaða kletta frásögnin á við.



0 2,5 5
metrar



Tóft ÁR-392:018. Á ljósmynd er horft til vesturs.

ÁR-392:020 *Innri-Helluás* náma

X 429898 Y 410188

"Innri-Helluás er aflangur grjótás n.-a. við tjörnina. Þar var mikið hellutak og fengust þar stórar hellur í árefti. Fremri-Helluás er líkur ás sunnan við Innri-Helluás en mýrarlægð var á milli," segir í örnefnaskrá. Innri-Helluás er um 1,2 km norðaustur af bæ 001, um 350 m austur af tóft 018. Helluás er gróinn ás en rofabörð marka hann á alla vegu. Sjá má hellur í ásnum og marga moldarbletti þar sem hellur hafa verið fjarlægðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stórafljót, 2

ÁR-392:021 heimild um tóft

X 430358 Y 409017


"Tóft: Norðan í klett, en stór tóft [022] aðeins norðar og vestar," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Upplýsingar um tóftina lágu ekki fyrir þegar farið var á vettvang 2015 og kom skráningarmaður ekki auga á hana á vettvangi. Af korti sem fylgir Minjaskrá Bryndísar og af loftmynd má staðsetja tóftina gróflega um 220 m SSA við tóft 022 og 20 m norðvestan við aftökustað 023 sem Gálgaklettar draga nafn sitt af. Tóftin er í fremur flatlendum og smápýfðum móa. Norðvestan við tóftina er sléttlent svæði þar sem jarðvegur virðist hafa fokið burt en hefur gróið aftur."Hæð veggja er 0,45 m á austurgafli, en annars stendur tóft lítið sem ekkert upp úr. Hér er eingöngu um grjóthleðslu að ræða og mikill mosi á henni. Hleðsla hrunin," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur. Þar er ennfremur uppdráttur af tóftinni og er hún 3,6x3,9 m að stærð og snýr NNV-SSA. Op er á henni til NNV. Veggir eru 0,8-0,9 m á þykkt.

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 561

ÁR-392:022 tóft fjárhús

X 430337 Y 409039

"Fjárhús. Í móa mitt á milli tveggja klettabelta. Tóftin stendur mjög vel upp úr móa og er með allnokkrum grjóthleðslum. Þær sjást alveg heilar í N vegg, en eru að miklu leyti hrundar á vegg á móti. Hleðslur sjást þokkalega að norðan í hlöðu. Grasi gróið, virðist ekki mjög gamalt? Þetta er jötuhaus því jata sést mjög vel að norðanverðu, " segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóftin er í Gálgamóum, ofan (NNV) við Gálgakletta 023. Tóftin er um 1,25 km austan við bæ 001 og um 170 m norðaustan við Gálgatóft 031. Tóftin er í fremur flatlendum og smápýfðum móa á milli kletta og hóla. ASA við tóftina er sléttlent svæði þar sem jarðvegur virðist hafa fokið burt en hefur gróið aftur. Svo virðist sem að rofið hafi byrjað í kjölfar umferðar um leið sem hefur grafist niður, mögulega framhald af leið 691:070. Ekki var hægt að sjá framhald af leiðinni þar sem rofinu sleppir.



Tóft ÁR-392:022, á ljósmynd er horft til ASA

Tóftin er torf- og grjóthlaðin og skiptist í fjárhús og hlöðu. Hún er 15x4 m að stærð og snýr VNV-ASA. Dyr eru á tóftinni til ASA og opið er á milli hólfa. Hlaðan, hólfi I, er í VNV enda og er um 3,5x1,5-2 m að innanmáli. Hún er lítillega niðurgrafin og snýr eins og tóftin. Fjárhúshlutinn er í hólfi II í ASA enda. Hann er um 7x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Óljóst mótar fyrir undirstöðu jötu á NNA-langvegg. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 1 m. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum en í innanverðum veggjum í fjárhúsum sést í grjót.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 562

ÁR-392:023 *Gálgaflatir* frásögn aftökustaður

X 430370 Y 408998

"Neðan við Kúadal eru Gálgaflatir, þar var fjárhús [031]. Gálgaklettur eru norðan við Gálgaflatir. Gálgaþólar eru klettastrýtur í átt að Fellsgili. Gálgamói heita grámosaflesjur, sem hallar í átt að Lambadal," segir í örnefnaskrá. "Austan undir Reykholtinu, rétt sunnan við Norðurbrúnarland, við Gálgatóft [031]. Í Gálga var á sínum tíma hengdur maður. Settur var staur á milli kletta og maðurinn hengdur þar og dysjaður," segir í



ÁR-392:023, horft til SSV

Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Heimildamaður Bryndísar var Kristinn Sigurjónsson, Brautarholti (Stóra-Fljóti). Gálgaklettur er um 50 m suðaustan við tóft 022, 150 m norðaustan við Gálgatóft 031 og 1,1 km suðaustan við bæ 001. Gálgaklettur er klettastrýtur í grjótholti sem er norðvestan við flatlendar engjar sem ná niður að Tungufljóti.

Hinir eiginlegur gálgaklettur er líklega tvær klettastrýtur frammi á suðausturbrún sem ganga upp úr holtinu og eru aðeins um 2,5 m á milli þeirra. Frá haftinu sem er á milli þeirra eru um 2 m upp á hæstu brúnir þeirra. Hátt og bratt er fram af haftinu til SSV og er grjótskriða þar í brekkunni. Grasi gróinn aflíðandi halli er NNA við haftið. Ekki sjást ummerki um dys við klettana og engin mannaverk eru sýnileg á þeim sjálfum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Stórafljót, 2; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 573

ÁR-392:024 *Stekkatún* hús stekkur/fjánhús X 429718 Y 408418

"Sunnan við Reykholt er dalur, þar er Stekkatún. Stekkatúnsflatir eru suðaustan við það, vallendisflatir. Stekkatúnsklettur er svartur móbergsklettur vestan við Stekkatúnið," segir í örnefnaskrá. "Stekkatúnshús var 80 kinda hús. Þarna er nú bárujárnshús, sem ég held að sé nú



lítið notað núorðið. Þarna hefur verið fjánhús um aldir og alltaf byggt á svipuðum slóðum," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Beitarhús eru merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910 í Stekkatúni. Enn eru uppistandandi fjánhús á þessum stað, um 1,1 km suðaustur af bæ 001. Í grasigrónu beitartúni.

Stekkatún ÁR-392:024, horft til austurs

Hús á Stekkatúni er enn undir þaki en hrúnið að hluta til norðurs. Húsið er um 17 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Húsið er timburgrind klædd bárujárni. Að innan eru gólf og undirstöður veggja steinsteypt að hluta en hlaðin á mótí. Norðurveggur hússins er hlaðið til helminga á mótis við bárujárnsklæðningu sem gæti bent til að húsið er byggt á leifum eldri byggingar. Húsið virðist ekki notað nema kannski sem skjól fyrir hross.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Stórafljót,2; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdótturdóttur 1986, nr. 558;

ÁR-392:025 heimild um býli

"Hjáleiga hefur hjer staðið skamt frá túninu, eyðilögð fyrir miðaldra manna minni, og kann ske löngu þar fyrir. [...] Hjáleigan var og aldrei byggleg, því landþröng er ærin þar fyrir utan," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er vitað hvar þetta býli var og því reyndist ekki unnt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju.

Heimildir:JÁM II, 279

ÁR-392:026 garðlag túngarður

X 429313 Y 409320

Unglegt garðbrot er um 30 m norðan við Kinnarkofa 011 og um 200 m austan við bæ 001.

Garðurinn er á fremur flatlendu svæði á mörkum túns og svæðis þar sem ber nokkuð á jarðraski. Garðurinn er torfhlaðinn. Ætla má að hann hafi gegnt hlutverki túngarðs. Hann sést á um 8 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur. Garðurinn er 0,6 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð.




ÁR-392:026, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-392:027 Stöðulás tóft rétt

X 429236 Y 409532

"Sunnan við Borgarás [391:019] er afgangur grjótás, og er smásund á milli. Heitir hann Stöðulás, en er stundum nefndur Réttarás, a.m.k. Frá Brautarhóli, enda var rétt austan undir honum, í Brautarhólslandi," segir í örnefnaskrá. "Þórður Kárason lét byggja réttina. Þessi rétt tók við af Reykjavallaréttinni [388:004] [...] sem skilarétt. Síðar var skilarétt á Litla-Fljóti er þau fluttust þangað [1939]," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Réttartóftin sést enn vel og er hún um 250 m norðaustan við bæ 001. Réttin er hlaðin suðaustan undir Stöðulás/Réttarás. Suðaustan við ásinn og réttina er þýft deiglent svæði sem hefur verið ræst fram að hluta og þar er nokkur trjárækt. Einnig hefur trjám verið plantað innan réttarinnar og stafar henni því hætta af trjárækt. Innan tóftar og í kringum hana vex klóelfting. NNA við réttina er mikil jarðvegsmön og norðaustan við hana er stór skemma.



Stöðulás ÁR-392:027, horft til norðurs.

Réttin er grjóthlaðin og er hún um 25x6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Klettur í ásnum mynda vegg til VNV. Réttin er einföld og er op á henni norðarlega á ASA-langvegg. Frá opinu er sveigja á réttarveggnum til norðvesturs upp að klettum í ásnum. Þessi hluti hleðslunnar er að mestu jarðlægur og sést orðið illa. Réttin er mjóst í SSV-enda en þar er hún 4 m á breidd og breikkar smám saman til NNA. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 4-6 umför í veggjum sem eru um 1 m á breidd. Inni í réttinni, móts við opið inn í hana, eru stórar jarðföst björg og steinar. Ekki er að sjá að þar séu hleðsluleifar en líklegt er að þessir steinar hafi verið nýttir til þess að skipta réttinni í fleiri hólf þegar hún var í notkun.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Litla-Fljót, 2; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 564

ÁR-392:028 þúst hlutverk óþekkt

X 429611 Y 408365

"Tóft: Er ofarlega á túni sem er milli kletta, upp af Víðigerði, en hinum megin í Reykholtinu. Þarna hefur verið sléttað út og sést tóft því mjög illa," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóft fannst um 1 km suðvestur af bæ 001 og um 40 m norður af tóft 036. Ósannað er að umrædd tóft sé sú sama og Bryndís Róbertsdóttur skráir en þær hafa a.m.k. Verið á svipuðum slóðum. Í beitartúni.



Ummerki minjanna eru óljós en hægt er að greina þúst á svæði sem er um 8 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Svæðið sker sig úr umhverfinu sökum gróðurfars.

ÁR-392:028, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 559

ÁR-392:029 *Reykholtshver* heimild um þvottastað

X 429902 Y 408784

Reykholtshver var nýttur til þvotta að sögn Bjarna Kristinssonar, heimildamanns. Það hefur ekki verið hættulaus iðja því hverinn gýs með reglubundnum hætti. Hann er ofarlega í norðvestanverðu Reykholti. Hverinn hefur verið virkjaður og er nýttur til upphitunar og fyrir gróðurhúsaræktun. Hverinn er um 950 m suðaustan við bæ 001 við götuna Gufuhlíð. Malarvegur liggur að hvernum og er gras og trjágróður í kringum hann.



Reykholtshver ÁR-392:029, horft til SSV.

Búið er að steypa stóran stökk yfir hverinn og er strompur upp úr honum. Gufa kemur upp úr strompinum. Engin forn mannvirki sjást við hverinn.

Hættumat: engin hætta

ÁR-392:030 heimild um bústað

X 429834 Y 408482

"Í barði austan í túni í Stekkatúni Brautarhóls (Stóra-Fljóts) heldur Kristinn [Sigurjónsson á Brautarhóli] að hafi verið einbúi. Hann telur að þar séu smá tóftarbrot," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Í barði austan Stekkatúns, um 1 km suðaustur af bænum 001, um 80 m norðaustur af húsi 024. Ekki reyndist unnt að finna tóftir eða tóftarbrot á þessum stað. Brekka, aflíðandi til vesturs í átt að Stekkatúni. Mjög vel gróin háum grösom. Engin ummerki um tóftarbrot fundust á þessum slóðum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 576

ÁR-392:031 *Gálgatóft* tóft fjárhús

X 430264 Y 408891

"Neðan við Kúadal eru Gálgaflatir, þar var fjárhús [...] Gálgatóft er fjárhústóft á Gálgaflötunum," segir í örnefnaskrá. "Gálgatóft. Rétt sunnan og ofan við efri enda skurðar sem er á nyrðri mörkum Norðurbrúnarlands austan við Reykholt. Er í Djúpugróf. [...] Kristinn Sigurjónsson og Þórður heitinn Kárason Litla-Fljóti byggðu þetta hús," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóftin er um 1,2 km austan við bæ 001 og 170 m suðvestan við tóft 022. Tóftin er ekki nógu gömul til að geta talist til fornleifa en er skráð engu að síður þar



Gálgatóft ÁR-392:031. Á ljósmynd er horft til suðausturs.

sem hún er til vitnis um farna byggingarhefð og búskaparhætti. Tóftin er í smápýfðum klettamóa. Nokkur trjárækt er í kringum tóftina. Á tóftinni og næst henni vex klóelfting.


Tóftin er að mestu grjóthlaðin en einnig er torf í hleðslum. Hún er um 17x7 m að stærð en um 2/3 hlutar hennar eru grafnir inn í aflíðandi halla mót suðaustri. Tóftin skiptist í fjárhús með garða og hlöðu. Bæði hólfín snúa norðvestur-suðaustur eins og tóftin. Ekki er hlaðinn veggur fyrir suðausturgafli þar sem hefur verið þil með dyrum. Fjárhúsin, hólf I, eru í suðausturenda tóftarinnar. Þau eru 11x3 m að innanmáli. Garðinn er innan við 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Ekki sést í grjóthleðslur í honum. Hlaðan, hólf II, er norðvestan við fjárhúsin. Ekki er hlaðinn veggur á milli hólfa og virðast þau vera jafndjúp. Hlaðan er um 4x3 m að innanmáli og hefur talsvert grjót hrunið inn í hana úr veggjum. Mesta hleðsluhæð utanmáls er í suðausturenda, 1,2 m. Víðast eru hleðslur mun lægri. Innanmáls eru hleðslur hæstar í hlöðu, um 2 m. Þar sjást 7 umför. Í gólfi hlöðunnar eru bárujárnsplötur.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Stórafljót, 2; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 560

ÁR-392:032 hleðsla hlutverk óþekkt

X 430389 Y 409046



ÁR-392:032, horft til norðvesturs

Hrunin hleðsla er í skarði milli kletta í Gálgaklettum (sjá 023). Hún er um 50 m austan við tóft 022 og 1,3 km austan við bæ 001. Mosavaxnir klettur og grasi gróin skörð á milli þeirra á háu grjótholti. Hleðslan er norðaustast í skarði sem er um 1,5 m á breidd. Suðausturhlið þess er afmörkuð af 1 m háum klettavegg og norðvesturhliðin er afmörkuð af mosagrónu grjótholti sem er álíka hátt. Hleðslan er útlöft, um 1,5 m á breidd og 2 m á lengd. Hún náði upp á norðvesturbrún skarðsins. Mjög óljóst má greina jarðlæga hleðslu við suðvesturenda skarðsins en það gæti verið náttúrulegt. Innanmál skarðsins á milli hleðslna er um 9x1,5 m. Þarna gæti

hafa verið lítið aðhald og er líklegra að það hafi verið stekkur frekar en kvíar vegna þess hversu langt minjarnar eru frá bæ.

Hættumat: engin hætta

ÁR-392:033 garðlag vörslugarður

X 429651 Y 408478



ÁR-392:033, horft til norðurs

"Túngarður: Í Stekkatúni Brautarhóls, 5,5 m austan við steiptan skúr. Þar sést aðeins móta fyrir túngarði eða hleðslu undir girðingu," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Enn má sjá móta fyrir garðinum um 1 km suðaustur af bæ 001 en ekki er girt á hann nú (2015). Garðlagið er nyrst í Stekkatúni, grasi grónu túni, milli Kistuholts til vesturs og Reykholts til austurs. Garðlagið er í Stekkatúni. Það er um 55 m langt með og snýr norður-suður. Garðurinn er 1,5 til 2 m að breidd og um 0,3 m að hæð. Garðlagið er sigið, úr torfi og grjóti. Báðir endar garðlagsins hverfa í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 558

ÁR-392:034 heimild um tóft

X 429217 Y 408009

Tóft, SV undir Kistholt: "17 m vestan við tóft [035]," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Suðvestan Kistuholts er stórþýft og margar lautir. Leiðir 041 og 042 liggja þar, ásamt þó nokkrum fjárgötum og því reyndist ómögulegt að staðsetja þessar tóftir, en engar hleðslur eru greinanlegar á svæðinu. Stórþýfi.

Engin ummerki um tóftir fundust á þessum slóðum. Í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur segir um þessar tóft: "Stendur nokkuð yfir umhverfi. Virðast hafa verið miklir veggir en er nú mjög útflattir, sérstaklega í nyrðri hluta tóftar og útlínur eru ekki mjög nákvæmar. Tóft er alveg eins og mói í kring, lægð er í miðju tófta en frekar mjóar en stórar þúfur milli tófta [034 og 035]. Mjög útflattir veggir að aftanverðu að vestan, veggir klofnað og sigið út. Sést í stórt grjót í tóft." Á teikningu úr Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur er tóftin sýnd með tvö hólfi, um 20 x 6,7 m að utanmáli og virðist snúa norður-suður. Syðra hólfið er um 3,5 x 2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Nyrðra hólfið er um 8 x 1,5 m að innanmáli, snýr norður-suður og er með op til norðurs. Vegghæð er skráð mest sem 0,65 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 575

ÁR-392:035 heimild um fjárskýli

X 429217 Y 408009

"Hringur, hugsanlega fjárborg: SV undir Kistuholti, um 8 m vestan við fjárgötu er liggur í N. Rétt sunnan við tóft eru aðrar götur er liggja A-V, en eru ekki eins greinilegar," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Suðvestan Kistuholts er stórbýft og margar lautir. Leiðir ÁR-391:041 og ÁR-391:042 liggja þar, ásamt þó nokkrum fjárgötum og því reyndist ómögulegt að staðsetja þessar tóftir, en engar hleðslur eru greinanlegar á svæðinu. Stórbýfi.


Engin ummerki um fjárborg fundust á þessum slóðum. Í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur segir um þessar minjar: "Í stefnu S[uður]-N[orður] er hringurinn 13 m, en í A[ustur]-V[estur] er hann 12,5 m. Hæð hans er 0,65. Að sunnan og nokkuð í vestur og austur sjást útlínur hringsins sæmilega því ystu þúfur eru þar nokkuð hærri og stærri en í kring, enda hækkar svolítið niður af í suður. Að norðan eru útlínur mjög óljósar og er stærð því svolítið áætluð, en virðist vera nær hringlaga. Mjög stórbýft að innan. Einn steinn sést í fjárborg."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 574

ÁR-392:036 tóft rétt

X 429619 Y 408326



0 2,5 5
metrar


ÁR-392:036, horft til vesturs

"Rétt: Syðst í Stekkatúni frá Brautarhóli. Rétt ofan við mýri, nokkru vestan við dælustöð. [...] Bjarni [Kristinsson á Brautarhóli] smalaði í hana á vorin, man ekki eftir meiri hleðslum þar," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Um 1,1 km suðaustur af bænum 001 í jaðri Stekkatúns. Í grasi grónu túni, milli Kistuholts til norðurs og Reykholts til austurs. Til suðurs

tekur við mýri að Tungufljóti. Tóft er niðurgráfin í hlíð Stekkatúns, um c. 1 m til vesturs og norðurs og sjást vel hleðslur þar. Ekki eru greinanlegir veggir til suðurs og austurs. Um 5 x 5 m að innanmáli.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 557



ÁR-691 Fornleifar á fleiri en einni jörð

ÁR-691:064 heimild um leið

X 428544 Y 409089

Óviss gata frá Reykjavöllum ÁR-388, framhá Litla-Fljóti ÁR-391 að leið 058 er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Leiðin var skoðuð í landi Litla-Fljóts og sést þar á stuttum kafla um 100 m suðvestan við bæ 391:001.



Leiðin sést sem sneiðingur eða slakki efst í brekkunni á um 20 m löngum kafla sem hefur stefnuna norðaustur-suðvestur.

Leið ÁR-691:064, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 1910

ÁR-691:070 gata leið

X 429391 Y 408078

Óviss gata, frá Reykjavöllum ÁR-388, um Torfastaðahólma og Reykholt, að beitarhúsum í Stekkatúni ÁR-392:024, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Leiðin var skoðuð í landi Litla-Fljóts ÁR-391, sunnan við Kistuholt.

Leiðin sést á um 700 m löngum kafla, frá landamerkjum á mótí Reykjavöllum í suðvestri, langleiðina að Stekkatúni 392:024 í landi Stóra-Fljóts. Leiðin er enn farin af búsmala og eru sumar göturnar orðnar niðurgrafnar og margar ógrónar. Götur sjást á 15-20 m breiðu svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 1910



V. Niðurstöður

Að beiðni sveitarfélagsins Bláskógabyggðar var hafist handa við aðalskráningu í sveitarfélaginu í júní 2015. Þá voru skráðar allar þekktar fornleifar innan landamerkja gömlu jarðanna á Litla- og Stóra-Fljóti, samtals 89 fornleifar. Af fornleifunum 89 voru 36 innan merkja Stóra-Fljóts en 53 innan merkja Litla-Fljóts. Gengið var á alla þekktu staði en í níu tilfellum var ekki hægt að staðsetja minjar og voru því 78 fornleifar staðsettar. Ástæður þess að ekki var alltaf hægt að staðsetja minjar voru oftast að lýsing minjastaða úr heimildum var afar óljós og/eða ekki náðist í staðkunnuga heimildamenn sem þekktu til staðháttu og gátu aðstoðað við að staðsetja minjastaði sem litlar upplýsingar voru um. Flestar minjarnar sem ekki náðist að staðsetja voru minjar sem Bryndís Róbertsdóttir skráði 1986 (en hnitsetti ekki). Upplýsingar um skráningu Bryndísar eru varðveittar er í handriti á Þjóðminjasafni Íslands og voru notaðar við skráninguna.

Ástæða þess að Litla- og Stóra-Fljót töldust á meðal forgangsjarða í skráningu í Bláskógabyggð er sú að þar hefur byggst upp þéttbýli á síðustu árum, sem nefnt er Reykholt eftir holti sunnan byggðarinnar. Eðli málsins samkvæmt hefur því landnýting svæðisins gjörbreyst og fornleifar vikið í kjölfarið. Framkvæmdir við uppbyggingu Reykhólts hafa umturnað eldra menningarlandslagi og eiga án efa eftir að gera það enn frekar á næstu árum. Þéttbýli Reykhólts er hinsvegar norðan hins eiginlega holts, á svæði þar sem litlar heimildir eru um minjar. Þrátt fyrir það má búast við að einhverjar minjar kunni að leynast á svæðinu, t.d. undir sverði þótt þeirra sé ekki getið í heimildum. Enn er búið á bæði Litla-Fljóti og Stóra-Fljóti (sem nú kallast Brautarhóll), og hafa minjar í tónum bæjanna helst horfið vegna dæmigerðra framkvæmda sem fylgja búskap, s.s. sléttunar og byggingar nýrra húsa.

Jarðanna Litla- og Stóra-Fljóts er fyrst getið í landamerkjalyýsingu frá 1456⁴ og virðast jarðirnar hafa verið í eigu Skálholtskirkju í gegnum aldirnar⁵. Árið 1928 var löndum jarðanna skipt upp á nýtt og Stóra-Fljót fékk nafnið Brautarhóll. Þá voru bæjarhúsin á Brautarhóli færð sunnar auk þess sem Brautarhóll fékk land sunnan þjóðveggar en Litla-Fljót norðan vegar. Á árunum 1928 til 1953 byggðist talsverður fjöldi garðyrkjubýla úr landi Brautarhólts eftir að


⁴ DI V, 143-144

⁵ The Old Icelandic Land Registers, 112; Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 297

tekið var að nýta jarðhita á svæðinu og saman mynduðu þau með tímanum þéttbýlið Reykholt.⁶

Minjarnar sem skráðar voru innan landamerkja Litla- og Stóra-Fljóts bera þess augljós merki að töluverðar breytingar hafa átt sér stað á þessum jörðum á síðustu áratugum. Túnasléttun hefur verið talsverð og hefur fjöldi minja horfið við hana. Af skráðum minjastöðum er meirihlutinn (61%) horfinn. Þar sem sást til minja var algengast að óljós ummerki sæjust (sést til 12%) en nánast var jafnalgennt að sæist til siginna hleðslna (11%).

Á hverjum minjastað var metið hvort hætta steðjaði að fornleifum og þá hvers konar hætta. Aðeins um þriðjungur (30%) af minjastöðum á skráningarsvæðinu taldist ekki vera í neinni hættu en 70%



Skýfurit: ástand minja á Litla- og Stóra-Fljóti

minja töldust í einhverri hættu. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta geti mögulega steðjað að fornleifum, ef ekki verði gripið sérstakra ráðstafana. Í flestum tilfellum er hættan hvorki talin óhjákvæmileg eða óyfírstíganleg heldur er hættumatinu ætlað að vekja athygli á því að umræddur minjastaður geti lent í hættu vegna tiltekinna þátta. Sem dæmi um þetta má nefna að allir minjastaðir í heimatúnum bújarða í byggð eru að jafnaði taldir í hættu vegna ábúðar, þar sem talsverðar framkvæmdir fylgja oftast búskap í sveit og margar minjar hafa á síðustu áratugum horfið í slíkum framkvæmdum. Nánast allar minjar í hættu sem skráðar voru á Litla- og Stóra-Fljóti teljast í hættu vegna ábúðar (92%), bæði íbúðabyggðar og mögulegrar stækkunar hennar, sem og vegna framkvæmda sem tengjast landbúnaði (s.s sléttunar). Aðrar hættuorsakir töldust vegna landbrots (3%) þar sem Tungufljót hefur brotið bakka sína, vegna trjáræktar (3%) og einn staður taldist í hætti vegna rasks.

⁶ SB I, 156-166

Þeir minjastaðir sem skráðir voru á Litla- og Stóra-Fljóti eru að mörgu leyti dæmigerðar minjar um landbúnað og landnýtingu fyrri alda. Hlutverk um 12% þeirra staða sem skráðir voru var óþekkt, þ.e. ekki er lengur vitað nákvæmlega hvaða hlutverki minjarnar gegndu. Slíkir staðir voru t.d. þústir, tóftir eða vörður sem engar heimildir eru um til hvers voru byggð og ekki bera greinileg einkenni sem hægt er að nota til að ráða í mögulegt hlutverk. Af minjastöðum með þekkt hlutverk voru útihús algengust en 20 slík voru skráð (þar af voru 7 staðir þar sem ekki var vitað nákvæmlega hvers lags útihús var um að ræða). Ástand útihúsa var slæmt og eru langflest þeirra horfin. Tóftir sjást í túni á aðeins tveimur stöðum, ÁR-391:018 og ÁR-391:032, og einstaka þústir eða hæðir sjást þar sem húsin stóðu en yfirleitt sjást engin ummerki um útihúsin. Á eftir útihúsum voru mannvirki sem reist hafa verið til að marka landamerki algengasti einstaki flokkurinn en 11 slíkar minjar voru skráðar. Flestar voru þær minjar horfnar en staðsetning þeirra þekkt. Flestar minjar í þessum flokki voru vörður en einn landamerkjagardur, ÁR-391:017, var þar einnig.

Af öðrum minjum má nefna bæi (ýmist flokkað sem bústaður eða býli eftir því hvort um lögbýli eða hjáleigur var að ræða) en heimildir um slíka minjar voru skráðar á sex stöðum. Af þessum sex var aðeins hægt að staðsetja bæjarstæði Litla- (ÁR-391:001) og Stóra-Fljóts (ÁR-392:001) og hjáleigunnar Móakots (ÁR-391:028). Engin ummerki var að sjá á yfirborði um tóftir eða uppsöfnun á Litla-Fljóti eða Móakoti þar sem að á báðum stöðum hafði farið fram sléttun og á Litla-Fljóti hafa verið byggð hús sem standa þar sem bæjarhóllinn var. Því var aðeins að sjá bæjarhól að Stóra-Fljóti þaðan sem bærinn var fluttur árið 1928 og má vænta mikilla minja þar undir yfirborði þó að hóllinn hafi verið sléttaður og að fjárhús og súrheysturn, sem nú hafa verið rifin, hafi seinna verið byggð á honum. Tvær aðrar hjáleigur, Hreinskot (ÁR-391:033) og ónefnd hjáleiga (ÁR-392:025), eru þekktar úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín en ekki er vitað annað um þær en að þær voru til og lögðust í eyði á 17. öld og því er staðsetning þeirra í dag óþekkt. Seinasti bústaðurinn sem skráður var er frásögn um einbúa (ÁR-392:030) sem átti að hafa átt sér lítinn bústað í landi Stóra-Fljóts. Ekki tókst að finna neinar leifar um þennan minjastað en mikill gróður á svæðinu hamlaði leit.

Af öðrum fornleifum sem skráðar voru má nefna margvíslegar minjar um útbeit og fjárbúskap en skráðir voru 14 slíkir staðir (einar kvíar, fimm beitarhús, tveir heygarðar, einn stekkur, einn nátthagi, ein rétt, tvö fjárhús og einn smalakofi). Stekkurinn (ÁR-392:024) sem skráður var er horfinn, líklegast undir uppistandandi hús. Tóftir þriggja beitarhúsa (ÁR-391:030, ÁR-391:040 og ÁR-392:018) eru enn greinilegar en tvö hús hafa horfið. Tóft smalakofa (ÁR-391:035) er einnig greinileg. Einnig var skráð rétt (ÁR-392:027) og tvö

fjárhús (ÁR-392:022 og ÁR-392:031) utan túns. Á eins vel þekktu jarðhitasvæði og Biskupstungurnar eru, og sérstaklega með tilliti til þess að jarðhiti var svo mikilvægur hluti í uppbyggingu Reykhólts, má teljast merkilegt aðeins einn hver, Reykholtshver ÁR-392:029, er þekktur í landi Litla- og Stóra-Fljóts. Margir aðrir minjastaðir voru skráðir en í öllum tilfellum aðeins einn eða tveir staðir af hverri tegund og vísast hér með í fornleifaskrá til frekari upplýsinga um þá.

Sem fyrr segir eru ummerki um meirihluta minjastaða á skráningarsvæðinu nú horfin, oftast vegna framkvæmda tengdum landbúnaði. Mikilvægt er að mótuð verði heildstæð stefna um þær minjar sem eftir standa á þéttbýlissvæðum í samvinnu við Minjastofnun Íslands. Ljóst er að enn eru nokkrir minjastaðir varðveittir í nágrenni við þéttbýlið í Reykholti sem mikilvægt er að vernda. Eru það minjar í og við holtin Reykholt og Kistuholt sem eru sunnan og austan þéttbýlisins Reykhólts sem gætu lent í hættu ef byggðin teygir sig sunnar en hún er í dag. Eru þetta helst fjárhústóftir ÁR-392:022 og ÁR-392:031, uppistandandi hús ÁR-392:024, hleðsla ÁR-392:032, garðlag ÁR-392:033 og þúst ÁR-392:028.

Auk þeirra minjastaða sem enn sjást á yfirborði er rétt að vekja athygli á því hér í lok skýrslu að fyllstu varúðar ber að gæta þar sem eru þekktar minjar en lítil sem engin ummerki sjást á yfirborði. Þrátt fyrir að engin ummerki sjáist um minjar á yfirborði leynast oft talsverðar mannvistarleifar undir sverði. Þetta er orsökinn fyrir því að skilgreina má allt það svæði sem fellur innan marka gamalla heimatúna sem sérstakt hættusvæði þar sem fornleifar eru hvergi eins þéttar og einmitt þar, þrátt fyrir að lítil ummerki sjáist oft á yfirborði. Það má því minna á það að ekki sé farið í framkvæmdir á slíkum stöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands. Að lokum má minna á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

Heimildaskrá

BL: Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur 1967.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð I: Fornleifaskráning á Laugarvatni og Snorrastöðum*. FS584-15222. Fornleifastofnun Íslands Reykjavík 2015.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla*. II bindi. Kaupmannahöfn, 1918-1921.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847.

Kristjana Vilhjálmsdóttir. *Meningarminjar í Bláskógabyggð: Svæðisskráning fornleifa*. FS584-15221. Fornleifastofnun Íslands Reykjavík 2015.

SB I: *Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið*. I bindi. Búnaðarsamband Suðurlands, [án útgáfust.], 1980.

Þorvaldur Thoroddsen. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1905.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. I-XV. Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

Óprentaðar heimildir

Google

Google Earth. Sótt af <https://www.google.com/earth/>

Landsbókasafn Íslands

Herforingjaráðskort: Dönsku herforingjaráðskortin 1:50.000 1905-1915. Sótt af <http://islandskort.is/is/category/list/29>

Landmælingar Íslands

Kortasjá LMÍ. Sótt af: <http://atlas.lmi.is/kortasja/>

Minjastofnun Íslands

Kortasjá Minjastofnunar Íslands. Sótt af <https://www.map.is/minjastofnun/>

Þjóðminjasafn Íslands

Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986: Fornleifaskráning í Biskupstungum 1985-86.

Þjóðskjalasafn Íslands

Túnakort Biskupstungnahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands. 1920.

Örnefnastofnun Íslands

Ö-Litlafljót: Örnefnaskrá Litlafljóts. Bjarni Harðarson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Litla- og Stórafljót: Örnefnaskrá Litla- og Stórafljóts. Ókunnugur skrásetjari. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stórafljót: Örnefnaskrá Litlafljóts. Haraldur Finnsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn

Bjarni Kristinsson

Þórður Jóhannes Halldórsson

Viðauki 1: Hnitaskrá yfir allar skráðar minjæningar í skýrslunni (ISN93)

Samtala	X	Y
ÁR-391:001	428634	409131
ÁR-391:002	428614	409130
ÁR-391:003	428760	409215
ÁR-391:004	428775	409227
ÁR-391:006	428928	409289
ÁR-391:007	428953	408953
ÁR-391:008	428931	408590
ÁR-391:009	429346	408398
ÁR-391:010	429924	407972
ÁR-391:011	429269	407690
ÁR-391:012	429077	407942
ÁR-391:013	428970	408186
ÁR-391:014	428507	409064
ÁR-391:015	429560	411117
ÁR-391:016	429455	411170
ÁR-391:017	429732	411021
ÁR-391:018	428705	409260
ÁR-391:019	429569	410111
ÁR-391:021	428709	409748
ÁR-391:022	429050	410307
ÁR-391:023	429472	410816
ÁR-391:024	428628	409640
ÁR-391:025A	428975	409359
ÁR-391:025B	428960	409353
ÁR-391:026	428491	409388
ÁR-391:027	428513	409085

Samtala	X	Y
ÁR-391:028	428884	409100
ÁR-391:029	428855	408923
ÁR-391:030	429327	408045
ÁR-391:031	429070	410141
ÁR-391:032	428703	409246
ÁR-391:035	429509	411198
ÁR-391:036	429050	409986
ÁR-391:037	428777	409194
ÁR-391:038	429514	410733
ÁR-391:039	428853	409145
ÁR-391:040	428938	408597
ÁR-391:041	429023	408122
ÁR-391:042	429117	407952
ÁR-391:043	428745	409239
ÁR-391:044	428661	409259
ÁR-391:046	429579	411278
ÁR-391:052	428752	409283
ÁR-392:001	429117	409308
ÁR-392:002A	429126	409284
ÁR-392:002B	429138	409303
ÁR-392:003	429146	409317
ÁR-392:004	429167	409405
ÁR-392:005	429146	409429
ÁR-392:006	429304	409189
ÁR-392:007	429233	409143
ÁR-392:008	429228	409136
ÁR-392:009	429884	411261
ÁR-392:010	429212	409251
ÁR-392:011	429304	409295


Samtala	X	Y
ÁR-392:012	429247	409282
ÁR-392:013	429091	409225
ÁR-392:014	429116	409246
ÁR-392:015	429064	409379
ÁR-392:016	429039	409368
ÁR-392:017	429682	410276
ÁR-392:018	429566	410096
ÁR-392:019	429736	408430
ÁR-392:020	429898	410188
ÁR-392:021	430358	409017
ÁR-392:022	430337	409039
ÁR-392:023	430370	408998
ÁR-392:024	429718	408418
ÁR-392:026	429313	409320
ÁR-392:027	429236	409532
ÁR-392:028	429611	408365
ÁR-392:029	429902	408784
ÁR-392:030	429779	408482
ÁR-392:031	430264	408891
ÁR-392:032	430389	409046
ÁR-392:033	429651	408477
ÁR-392:035	429217	408009
ÁR-392:036	429619	408326
ÁR-691:064	428544	409089
ÁR-691:070	429391	408078

Viðauki 2: Sérheitaskrá

Sérheitaskrá	
Sérheiti	Samtala
Beinarími	ÁR-392:010
Borgarás	ÁR-391:019
Borgarrími	ÁR-391:029
Fjárvað	ÁR-391:021
Flókatjörn	ÁR-391:015
Fremra-Skipholt	ÁR-392:009
Gildruás	ÁR-391:016
Hesthúshóll	ÁR-392:016
Heygarðshóll	ÁR-392:013
Hreinskot	ÁR-391:033
Kinnarkofi	ÁR-392:011
Kirkjuvað	ÁR-391:026
Kvíafliót	ÁR-392:015
Litlafliót	ÁR-391:001
Móakot	ÁR-391:028
Nátthagi	ÁR-392:012
Slunkaríki	ÁR-391:018
Steinka	ÁR-392:017

Stekkatún	ÁR-391:030
Stórafliót	ÁR-392:001
Stökuvörðuholt	ÁR-391:022
Innri-Helluás	ÁR-392:020
Gálgaflatir	ÁR-392:023
Stekkatún	ÁR-392:024
Stöðulás	ÁR-392:027
Reykholtshver	ÁR-392:029
Gálgatóft	ÁR-392:031





Viðauki 3: Minjakort





Minjakort 1: Minjar í úthögum Litla Fljóts.

Skýringar

- Minjastaðir
- Mörk fornleifa
- Gróflega áætluð landamerki byggð á upplýsingum frá RALA

0 125 250
M

Mkv: 1:5000 á A3




Minjakort 2: Minjar á landi Litla- og Stóra-Fljóts

Skýringar


- Minjastaðir
- Mörk fornleifa
- Gróflega áætluð landamerki byggð á upplýsingum frá RALA




0 125 250
M
Mkv:
1:5000 á A3



Minjakort 3: Minjar í úthögum Stóra-Fljóts



Minjakort 4: Minjar í úthögum Stóra-Fljóts



Minjakort 5: Túnakort Litla- og Stóra-Fljóts

